


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




**Golfmót í Brekkukoti**

*Krabbameinsfélag Íslands og þrjú aðildarfélög þess standa í dag fyrir golfmótinu Karlarnir og kúlurnar.*

FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
11. september 2012
213. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Tekinn við keflinu**

*Ágúst Már Garðarsson er nýr umsjónarmaður Edrútónleikaraðarinnar sem hefst að nýju í kvöld.*

popp 25

**Veiðigjaldaklúðrið**

*Einar K. Guðfinnsson gagnrýnir skrif Jóns Steinssonar um verk ríkisstjórnarinnar.*

skoðun 16



**Sigur eða svekkelsi**

*Landsliðsþjálfarinn ætlar sér sigur á Kýpur í kvöld.*

sport 26

**veðrið í dag**




**LÆGIR SMÁM SAMAN** Í dag má búast við NV 5-10 m/s á landinu vestanverðu en áfram verður strekkingur eða allhvasst austan til. Lítilsháttar úrkoma NA-til en annars bjart með köflum. Hlýnar lítið eitt.

VEÐUR 4

# Yfirdráttur landans hærri en fyrir hrun

**Heimilin í landinu skulda tæpa 87 milljarða í yfirdráttarlán, samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands. Lánin hafa hækkað um 24 milljarða á einu ári. Þau hafa rúmlega tvöfaldast frá júlímánuði 2009 þegar þau stóðu í 43 milljörðum króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Yfirdráttarlán heimilanna í landinu hafa ekki verið hærri í krónum talið frá hruni og stóðu í tæpum 87 milljörðum í lok júlí síðastliðins. Yfirdráttarlánin stóðu í 78 milljörðum í september 2008.

Þetta kemur fram í tölum Seðlabanka Íslands um útlán innlánsstofnana, en yfirdráttarlán heimilanna eru þar sérstakur liður til sundurgreiningar frá öðrum yfirdráttarlánum opinberra aðila og fyrirtækja. Yfirdráttarlán í heild standa í 161 milljarði króna en hækkunin er 24 milljarðar á milli 31. júlí 2011 og sama dags 2012. Sú hækkun skrifast öll á heimilin í landinu.

Tölfræðin sýnir að yfirdráttarlán hér á landi lækkuðu hratt fyrst eftir hrun og námu 43 milljörðum í júlí 2009 og höfðu þá lækkað um rúmlega 30 milljarða króna á nokkrum mánuðum. Lánin hafa síðan tvöfaldast aftur.

**50** þúsund krónur eru greiddar árlega í vexti af yfirdráttarláni upp á 400 þúsund krónur.

Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við telja ekki einhlíta skýringu að ræða á hækkun lánanna; hvort um fjárfestingu sé að ræða eða einkaneyslu. Hallast menn almennt að síðari skýringunni og að neyðin reki marga til að taka þau lán sem yfirleitt eru þau dýrustu sem bjóðast. Nefnd var sú skýring að lánin hefðu hækkað mikið eftir að flestir hefðu nýtt sér sérstaka heimild til úttektar séreignarsparnaðar. Er nefnt að umframeyðsla heimilanna hafi verið fjármögnuð með þeim sparnaði en yfirdráttarlánin hafi svo tekið við.

Algengir vextir yfirdráttarlána eru í dag tólf til þrettán prósent [voru hæstir 23,95% í janúar 2007] og því eru ársvextir algengs láns, sem er 400 þúsund krónur að meðaltali yfir árið, um 50 þúsund krónur á ári, svo dæmi sé tekið.

Slá þarf þann varnagla við tölfræði SÍ um yfirdráttarlánin eftir hrun að upphæðirnar eru birtar eins og þær koma fyrir í efnahagsreikningum bankanna. Breytingar á milli mánaða og ára getur verið virðismat bankanna á lánasöfnum sínum og því ekki aðeins um hreina aukningu á útlánum að ræða.

- shá



**SUMARIÐ BÚIÐ** Það tók að snjóa á Norðurlandi í gær en þessi ungmenni létu það ekki á sig fá og viðruðu hvutta í rokinu á Akureyri. Rafmagn fór af um klukkan fjögur á Akureyri en var komið aftur á um kvöldmatarleytið. MYND/HEIÐA.IS

Björgunarsveitirnar stóðu í ströngu vegna óveðurs sem gekk yfir landið í gær:

# Sinntu hátt í 200 málum

**VEÐUR** Mikill stormur gekk yfir landið í gær vegna djúprar lægðar sem kom upp að landinu austanverðu. Björgunarsveitir landsins sinntu hátt í tvö hundruð málum vegna óveðursins.

„Það eru sjötíu til áttatíu manns sem hafa verið að störfum í dag,“ segir Jónas Guðmundsson á björgunarsviði Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Meðal annarra verkefna björgunarsveitanna var að festa þakplötur og girðingar. Þá fór bílskúr af stað í Vestmannaeyjum og malbik flettist af þjóðvegi eitt á Skeiðarársandi. „Það þurfti að aðstoða marga ferðamenn, innlenda sem erlenda. Svo voru þrjár sveitir sendar til að aðstoða Rarik við að reyna að koma rafmagnslínum upp aftur.“

Vegna mjög óhagstæðra skilyrða brotnuðu margir rafmínustaurar fyrir norðan. Það olli rafmagnsleysi víða á Norðurlandi stóran part gærdagsins.

Bændur á Norðurlandi höfðu miklar áhyggjur af fé sem enn var á afrétt. Björgunarsveitir þurftu meðal annars að nota snjóflóðastangir til að finna fé í sköflum og fundu í nokkrum tilvikum dautt fé.

Veðrið á að ganga niður í dag. Fyrst mun lægja á Vesturlandi og lægðin mun færast austur frá landinu.

- bþh / sjá síðu 4

Yfirkokkur konungs:

## Hangikjötið í uppáhaldi

**MATUR** **Frakkinn Philippe Villon, sem er yfirkokkur konungsins í Sádi-Arabíu, var á ferðalagi hérlendis á dögunum. Hann segist hrifinn af íslenska matnum en þar sem hann megi ekki flytja hrátt kjöt til Sádi-Arabíu geti hann því miður ekki boðið konungnum upp á íslenskt lambakjöt sem sé framúrskarandi gott.**



PHILIPPE VILLON

**„Ég fer þó heim með nokkrar uppskriftir sem ég mun eflaust reyna að nota,“ segir Villon. Íslenska hangikjötið er í sérstöku uppáhaldi hjá Philippe og eins fiskisúpa sem hann fékk á Geitafelli á Vatnsnesi þegar hann fór þangað í skoðunarferð.**

- trs / sjá síðu 30

Hátt í milljón lífsýni geymd:

## Elsta lífsýnið úr Íslendingi er frá árinu 1944

**VÍSINDI** Hátt í milljón lífsýni er að finna á þeim fimm lífsýnasöfnum sem eru á landinu. Flest eru á lífsýnasafni Landspítalans (LSH), hátt í sjö hundruð þúsund, og er það elsta frá árinu 1944.

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um hversu margir Íslendingar eiga lífsýni á söfnunum, en ljóst er að þeir skipta hundruðum þúsunda.

Söfn LSH eru þjónustusöfn – sýnin eru geymd til þjónustu við sjúklinginn. Til að fá aðgang að sýnunum í öðrum tilgangi þarf dómsúrskurð, en nýjasta dæmi þess er nýfallinn úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um að Jakob Frímann Magnússon fái aðgang að lífsýni Davíðs Stefánssonar úr Fagraskógi og tveggja annarra einstaklinga til að nýta til þess að staðfesta uppruna sinn.

- sv / sjá síðu 6







## SPURNING DAGSINS



*Þórunn, er skemmtilegra að lesa um bólfimi en leikfimi?*

„Já, þá eru auknar líkur á eldfimi."

Þórunn Hjartardóttir hljóðbókalesari er um þessar mundir við upptökur á tveimur erótískum metsölubókum, sem hún segir skemmtilegri en síðasta verkefni sem var kennslubók í leikfimi.

Lögreglan í Tulsa í Bandaríkjunum rannsakar morð á Íslendingi og John White:

# Lögregla leitar enn byssumanns

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Tulsa í Oklahoma í Bandaríkjunum hefur enn ekki fundið byssumanninn sem myrti Kristján Hinrik Þórsson fyrir utan verslun á laugardagsmorgun.

Dave Walker, varðstjóri á morðdeild lögreglunnar í Tulsa, segir að karlmanns sé leitað. Hann sé svartur á hörund, grannur og tæpir 180 sentímetrar.

„Kristján Hinrik var heima hjá sér um eitt eftir miðnætti á laugardag. Nágranni Kristjáns og móður hans var í heimsókn og fóru þeir saman í verslunarferð," segir Walker. „Kristján bað í bílnum á meðan John White, nágranninn, fór inn í búðina."

> Ég er viss um að hægt verður að finna byssumanninn og koma honum á bak við lás og slá.
>
> DAVE WALKER
> VARÐSTJÓRI HJÁ LÖGREGLUNNI Í TULSA

Þegar White var sestur inn í bíl virtist allt vera í góðu. Þá ók 18 til 20 ára gamall maður upp að bíl þeirra Kristjáns og einhvers konar orðaskipti urðu. „Við höldum að hinn grunaði hafi sakað White um að hafa nærri ekið á hann. Þegar White ætlar að aka í burtu dregur maðurinn upp byssu og skýtur nokkrum skotum inn í bílinn."

Kristján lést við komuna á sjúkrahús en White dó í gær. Þeir voru báðir skotnir í höfuðið af stuttu færi.

„Rannsóknin gengur ekki eins vel og við myndum vilja en við erum ekki stopp," segir Walker. „Við erum að fá upplýsingar og ég er viss um að hægt verði að finna byssumanninn og koma honum á bak við lás og slá." **- bþh**

Stofnmæling Hafró á rækju:

# Úthafsrækjan áfram í lægð

**HAFRANNSÓKNIR Ljóst er að úthafsrækjustofninn er áfram í mikilli lægð miðað við síðasta áratug. Þetta sýnir árleg stofnmæling Hafrannsóknastofnunar sem er nýlokið.**

**Í heild er vísitala úthafsrækjustofnsins svipuð og mældist í könnuninni árið 2011. Í leiðangrinum fékkst mest magn rækju við Grímsey og norður af Húnaflóa og var vísitala rækju á þessum svæðum nálægt langtímameðaltali. Á öðrum svæðum var vísitalan langt undir langtímameðaltali.** **- shá**

Yfirborgarstjóri Köben:

# Hass verði selt í verslunum

**DANMÖRK Þrátt fyrir andstöðu ríkisstjórnarinnar og þingsins í Danmörku hvikar yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, Frank Jensen, ekki frá þeirri skoðun sinni að gera eigi tilraunir með sölu á kannabisefnum í verslunum undir eftirliti ríkisins.**

**Í viðtali við Politiken segir Jensen herferð lögreglunnar í Kaupmannahöfn gegn viðskiptum með kannabisefni ekki munu bera árangur.**

**Stjórnmálaflokkar í Svíþjóð og Noregi eru andvígir hugmyndum yfirborgarstjórans í Kaupmannahöfn.** **- ibs**



**HSA** Átti að senda viðkvæmar upplýsingar í ábyrgð.

Heilbrigðisstofnun bæti sig:

# Sjúkrasaga í almennum pósti

**HEILBRIGÐISMÁL** Persónuvernd segir Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) ekki hafa viðhaft nægilegar öryggisráðstafanir með því að senda sjúkraskrárupplýsingar til manns í almennum pósti en ekki með ábyrgðarpósti. Í kæru til Persónuverndar kvaðst maðurinn mjög ósáttur við að hafa fengið viðkvæmar persónuupplýsingar um sjálfan sig sendar á heimilisfang sem hann sé ekki skráður fyrir og ekki í ábyrgðarpósti. „Öryggi er ekki nægilega tryggt þar sem allir geta gert mistök og bréfið hefði getað borist óviðkomandi til dæmis ef það hefði endað í röngum póstkassa, sem oft hefur gerst," sagði maðurinn. Persónuvernd hefur lagt fyrir HSA að kippa þessum málum í liðinn. **- gar**

# Crossfit-þjálfun veldur fagfólki áhyggjum

**Crossfit og aðrar tengdar íþróttagreinar auka líkur á íþróttameiðslum. Sjúkraþjálfarar finna fyrir fjölgun meiðsla. Þjálfararéttindi fást eftir eitt helgarnámskeið. Réttmæt gagnrýni, segir Leifur Geir Hafsteinsson yfirþjálfari crossfit.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Fólk meiðist í auknum mæli. Sprenglært íþróttafólk sem sækir þessa tíma hefur horft upp á fólk meiðast því það þekkir ekki sín takmörk," segir Íris Anna Steinarrsdóttir, fráfarandi formaður Íþróttakennarasambands Íslands, um crossfit og aðrar tengdar íþróttagreinar þar sem fólk reynir um of á þolmörk sín undir handleiðslu ómenntaðra þjálfara.

„Hver sem er getur orðið crossfit-þjálfari, sem er það slæma við þetta," segir hún. „Það ber mun meira á meiðslum og sjúkraþjálfarar taka á móti fullt af fólki sem er að meiða sig í þessum greinum."

Héðinn Jónsson, formaður Félags íslenskra sjúkraþjálfara, segir þróunina áhyggjuefni.

„Þetta hefur komið inn á borð til okkar og veldur sjúkraþjálfurum áhyggjum," segir hann.

Gauti Grétarsson sjúkraþjálfari sendi Landlæknisembættinu erindi á síðasta ári þar sem hann lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þróunarinnar.

„Í starfi mínu sem sjúkraþjálfari hefur á síðustu misserum orðið mikil aukning á meiðslum, áverkum og álagseinkennum sem rekja má til allt of mikillar þjálfunar einstaklinga," segir í erindi Gauta. „Tíminn og kostnaðurinn sem fer í þessar viðgerðir, vonbrigðin sem einstaklingar verða fyrir þegar þeir geta ekki lengur setið, hreyft sig í leik og starfi er ekki þekktur."

Leifur Geir Hafsteinsson, yfirþjálfari Crossfit sport, tekur undir að margt gagnrýnivert sé við aðferðafræði crossfit og þröskuldurinn til að gerast þjálfari sé vissulega lágur.



**LÍKAMSRÆKT** Íris Anna Steinarrsdóttir, fráfarandi formaður Íþróttakennarasambands Íslands, segir dæmi um að fólk meiðist því það þekki ekki sín takmörk. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Almenningur þarf að vera meðvitaður því það þarf að uppfylla svo svakalega litlar kröfur til þess að fá að þjálfa fólk.
>
> LEIFUR GEIR HAFSTEINSSON
> YFIRÞJÁLFARI CROSSFIT SPORT

„Gagnrýnin er réttmæt. Þú tekur eitt helgarnámskeið til að fá þjálfararéttindi," segir Leifur. „Það má færa rök fyrir því að inntökuskilyrði ættu að vera strangari, en almenningur þarf að vera meðvitaður því það þarf að uppfylla svo svakalega litlar kröfur til þess að fá að þjálfa fólk."

Leifur segir að erfitt sé að ræða um hvort meiðsl hafi aukist. Ekki séu til neinar heildartölur um slíkt og ekki megi gleyma því að þjálfunin skili sér einnig í bættri heilsu fólks. „Ég tek þessari umræðu mjög alvarlega og mitt verkefni númer eitt, tvö og þrjú er að gera þjálfunina eins örugga og mögulegt er."

sunna@frettabladid.is



**FRELSINU FEGINN** Einn fanganna sem látnir voru lausir í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Bagram-fangelsið afhent:

# Afganar taka við föngunum

**AFGANISTAN, AP** Afgönsk stjórnvöld tóku í gær við umsjón hins umdeilda Bagram-fangelsis úr hendi Bandaríkjahers.

Jafnframt tóku afgönsk stjórnvöld við þeim þúsundum fanga sem sitja í fangelsinu. Einkum eru það talíbanar og aðrir sem grunaðir eru um aðild að hryðjuverkastarfsemi. Hamid Karzai forseti segir afhendingu fangelsisins vera sigur fyrir fullveldi Afganistans. Bandaríkjamenn halda þó áfram litilli álmu í fangelsinu þar sem þeir ætla að hafa nokkra tugi fanga áfram í sinni vörslu. **- gb**

Jón Gnarr sendir kollega bréf:

# Vill gleðigöngu í Moskvuborg

**MANNRÉTTINDAMÁL Jón Gnarr borgarstjóri hefur sent Sergey Sobyanin, borgarstjóranum í Moskvu, bréf þar sem hann gagnrýnir það að gleðigöngur samkynhneigðra hafi verið bannaðar.**

**„Sem borgarstjóri borgar með vináttutengsl við Moskvu langar mig til að deila með þér jákvæðri reynslu okkar af Hinsegin dögum í Reykjavík og hvetja þig til að endurskoða stefnu þína varðandi gleðigöngur og LGBT-fólk (samkynhneigt, tvíkynhneigt og transfólk)," segir í bréfinu. Jón segir Hinsegin daga hafa átt stóran þátt í viðhorfsbreytingu meðal Reykvíkinga og leitt til framsæknara samfélags.** **- sh**


# BRIDS SKÓLINN




Byrjendur ... 24. september ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 26. september ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Byrjendur:** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Byrjað alveg frá grunni og ekkert mál að mæta ein/einn.
- **Framhald:** Nýtt námskeið með höfðuáherslu á spilamennsku sagnhafa og áframhaldandi sagnir í Standard. Ekki nauðsynlegt að koma með makker.
- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík.
- Sjá nánar á **bridge.is** undir „fræðsla".

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.


Sjúkratryggingar greiða ekki talþjálfun og vísa á sveitarfélagið sem vísar til baka:

# Hvorugur vill greiða talþjálfun barna

**FÉLAGSMÁL** Móðir í Hveragerði fær hvorki stuðning frá sveitarfélaginu né Sjúkratryggingum Íslands til að greiða kostnað vegna talþjálfunar dóttur sinnar.

Móðirin vill fá endurgreiddan hluta af talþjálfun sem sérfræðingur telur nauðsynlegt að dóttir hennar njóti. Eftir að hún fékk synjun frá Sjúkratryggingum leitaði hún til bæjaryfirvalda í Hveragerði enda vísuðu Sjúkratryggingar henni þangað.

Bæjarráðið segir sér ekki fært að verða við bón móðurinnar og vísar henni til baka á Sjúkratryggingar enda sé skylda þeirra að taka þátt í greiðslu vegna talþjálfunar barna og unglinga ótvíræð.

Kveðst bæjarráðið átelja Sjúkratryggingar harðlega fyrir að hafna erindi konunnar. Það sé bæði andstætt lögum og reglugerðum og í andstöðu við upplýsingar á heimasíðu Sjúkratrygginga. Þar komi fram að greiða eigi áttatíu prósent af kostnaði við nauðsynlega talþjálfun fyrstu þrjátíu skiptin fyrir börn yngri en átján ára.

Sjúkratryggingar vísa hins vegar í samning sinn við talmeinafræðinga. Bæjarráðið segir sveitarfélögin ekki aðila að þeim samningi og hann geti ekki lagt skyldu á sveitarfélög umfram það sem kveðið sé á um í lögum.



**HVERAGERÐI** Deilt er um hver eigi að greiða niður kostnað vegna stúlku sem sækir talþjálfun til Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samband íslenskra sveitarfélaga er sagt hafa unnið að lausn málsins. „Hvetur bæjarráð þá aðila sem og viðkomandi ráðuneyti til að finna ásættanlega lausn á þessu máli hið allra fyrsta því börnin líða fyrir þessa stöðu," segir bæjarráðið. **- gar**




# HEIMSBORGIR Í HAUST!
# PARÍS OG BERLÍN

**12 TÍMA TILBOÐ**
- hefst á hádegi -

**SÍÐUSTU SÆTIN!**

## PARÍS / BERLÍN FRÁ:

# 14.950 KR.*

Bjóðum flugsæti á frábæru tilboðsverði til Berlínar og Parísar frá hádegi í dag til miðnættis.

Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
**Ferðatímabil til Parísar: 13. september–23. október.**
**Ferðatímabil til Berlínar: 14. september–29. október.**




**FRAMHALDSFLUG ÚT UM ALLA EVRÓPU!**

## LONDON, KÖBEN OG ÞAÐAN HVERT SEM ER!

Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug hvert sem er í Evrópu frá London og Köben.

# 15.700 KR.*

**Pantaðu flug til London og Köben á www.icelandexpress.is og hafðu samband í síma 5 500 600, við finnum framhaldsflugið þitt og komum þér alla leið á lægra verði!**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

FITON / SÍA

**Iceland Express**
- lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 10.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,94 | 122,52 |
| Sterlingspund | 195,1 | 196,04 |
| Evra | 155,89 | 156,77 |
| Dönsk króna | 20,917 | 21,039 |
| Norsk króna | 21,094 | 21,218 |
| Sænsk króna | 18,356 | 18,464 |
| Japanskt jen | 1,5566 | 1,5658 |
| SDR | 186,84 | 187,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,5205

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingsetning verður með hefðbundnu sniði þrátt fyrir mótmæli í fyrra:

# Fjárlög kynnt á Alþingi í dag

**ALÞINGI** Fjárlagafrumvarp ársins 2013 verður lagt fram og kynnt á fyrsta degi haustþings í dag.

Þing verður sett klukkan 13.30 í dag með hefðbundnu sniði. Byrjað verður á guðsþjónustu í Dómkirkjunni og síðan munu þingmenn, ásamt forseta Íslands og biskupi, ganga yfir í Alþingishúsið. Þar mun forsetinn setja þingið skömmu eftir klukkan tvö.

Ekki verður brugðið út af vananum við þingsetninguna þrátt fyrir kröftug mótmæli í fyrra, þar sem eggjum var látið rigna yfir þingmenn sem þeir gengu úr kirkjunni. Öryggismál verða venju samkvæmt í höndum lögreglunnar.

Þingfundur hefst síðan klukkan fjögur síðdegis og verður fjárlagafrumvarpið að vanda það fyrsta sem lagt verður fyrir þingið. Frumvarpið verður það fyrsta sem lagt er fyrir þingið í fjármálaráðherratíð Oddnýjar G. Harðardóttur, og það síðasta á þessu kjörtímabili. **- sh**



**ÓVÍGUR** Árni Þór Sigurðsson fór illa út úr eggjakastinu við þingsetninguna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Handtekinn á staðnum:

# Byssuglanni í Axeltofta

**SVÍÞJÓÐ** Maður var handtekinn og tveir yfirheyrðir á staðnum eftir að lögreglan í Landskrona í Svíþjóð brást við tilkynningu um að verið væri að skjóta af byssu í íbúðarhúsi í Axeltofta, rétt fyrir utan bæinn, að því er fram kemur á vefsíðu Svenska dagbladet.

Lögreglan náði sambandi við íbúa fljótlega eftir að hún kom á staðinn og fékk staðfest að skotið hefði verið af byssu inni í húsinu en engan hefði sakað. Skotmaðurinn á yfir höfði sér ákæru fyrir gróft brot á skotvopnalögum. **- fsb**



**HJÁ RÍKINU** Ríkisstarfsmönnum fækkaði um eitt þúsund í fyrra. Heilbrigðisstarfsmenn eru ein fjölmennasta stéttin í hópi ríkisstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ráðherra um ríkisstarfsmenn:

# Fækkaði um 1.000 milli ára

**VINNUMARKAÐUR Ríkisstarfsmönnum fækkaði um þúsund á árunum frá 2010 til 2011. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur þingkonu Sjálfstæðisflokks.**

**Í tölunum, sem taka til árabilsins frá 2005 til 2011, kemur fram að 16.433 hefðu verið á launaskrá ríkisins í október síðastliðnum en 17.390 á sama tíma árið 2010.**

**Þegar mest lét á umræddu tímabili, árið 2007, hefðu ríkisstarfsmenn verið 18.547 talsins.**

**Flestir starfsmenn ríkisins séu í heilbrigðis- og menntageirunum. - þj**

Hálft ár fyrir fíkniefnasmygl:

# Íslendingur fær dóm í Noregi

**DÓMSMÁL** Íslenskur maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi í Þrándheimi í Noregi fyrir að hafa reynt að flytja þangað eitt kíló af marijúana. Efnin fundust vandlega falin í ferðatösku mannsins á miðvikudaginn var, að því er segir á fréttavefnum Bladet.no.

Haft er eftir norsku lögreglunni að maðurinn hafi ekki áður komið við sögu hennar en að íslenska lögreglan kannist við hann. **- sh**

# Óhagstæð skilyrði orsökuðu rafmagnsleysi á Norðurlandi

**Bilanir í rafveitukerfi orsökuðu rafmagnsleysi á Norðurlandi þegar mikill hvellur gekk yfir landið. Snjór féll nyrðra og bændur óttuðust um sauðfé á fjöllum. Björgunarsveitir sinntu hátt í tvö hundruð málum.**

**VEÐUR** Rafmagnslaust var á stóru svæði á Norðurlandi í gær vegna stormsins sem gekk yfir landið. Framan af degi var víðtækasta straumleysið á Norðausturlandi. Rafmagn fór svo af á Akureyri og allt vestur að Blöndu um fjögurleytið en komst aftur á klukkan hálf átta í gærkvöldi. Engin meiðsl urðu á fólki í veðurofsanum.

„Fyrst og fremst gerðist þetta af því að það var úrkoma í mjög viðkvæmu hitastigi," segir Örlygur Jónsson, framkvæmdastjóri á rekstrarsviði Rarik. „Það væri betra ef það væri miklu meira frost því þá hleðst ekki á vírana. Nú er hitinn svona rétt í kringum núllgráðuna. Þá sligast línurnar og þola ekki mikinn vind til viðbótar."

Rafmagn hóf að fara af Norðurlandi eystra á milli sex og átta í gærmorgun. „Það orsakaðist af því að flutningslína Landnets frá Laxárvirkjun í Kópasker er biluð," segir Örlygur. Mikið tjón varð af völdum veðursins. Í Mývatnssveit, Bárðardal og í Laxárdal voru milli fimmtíu og sextíu raflínustaurar brotnir um miðjan dag.

Viðgerðarteymi Landsnets vann í gærkvöldi að viðgerð á raflínunni að Kópaskeri en hún var töluvert meira skemmd en talið var í fyrstu. Guðlaugur Sigurgeirsson hjá Landsneti segir ómögulegt að segja til um hvenær viðgerð lýkur.

Bændur á Norðurlandi hafa miklar áhyggjur af sauðfé sem enn á eftir að smala ofan af fjöllum. Böðvar Baldursson, bóndi í Heiðargarði í Aðaldal, er einn þeirra. „Þetta er svakalega mikið veður og við munum ekki annað eins á þessum árstíma," segir Böðvar og bætir við að ekki sé hægt að kanna aðstæður fyrr en í dag þegar lægt hefur.

Bændur eru hræddastir um að snjór hlaðist í skafla þar sem kindur hafa leitað sér skjóls og að það fenni einfaldlega yfir þær. „Þetta er svakaleg úrkoma. Ég held að það hafi fallið hér jafnmikil úrkoma og síðustu þrjá eða fjóra mánuði," segir Böðvar.

Björgunarsveitir um allt land hafa sinnt margs konar málum og komið fólki til aðstoðar. Meðal annars hafa björgunarsveitarmenn hjálpað bændum að grafa sauðfé úr sköflum. **birgir@frettabladid.is**

## Rafmagnslaust á Norðurlandi




**Færð á vegum:**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Vatnsskarð | ófært og lokað |
| 2 | Holtavörðuheiði | krap og snjór |
| 3 | Mývatnsheiði | þungfært |
| 4 | Mývatnsöræfi | ófært |
| 5 | Fljótsheiði | krap og snjór / skafrenningur |
| 6 | Öxnadalsheiði | krap og snjór / skafrenningur |

### Sneru við til að koma rafmagni á á Akureyri

„Viðgerðarmenn voru komnir norður í land um 16 eða 17," segir Guðlaugur Sigurgeirsson, deildarstjóri netrekstrar hjá Landsneti. „Um 16 var helmingnum af viðgerðarteyminu snúið við til að huga að bilun sem varð á Blöndulínu. Hún liggur frá Blönduvirkjun og inn að Akureyri." Vandamálið fannst fljótt við þessar erfiðu aðstæður og rafmagn komst á á Akureyri upp úr sjö í gærkvöldi.

> Þetta er svakalega mikið veður og við munum ekki annað eins á þessum árstíma.
>
> **BÖÐVAR BALDURSSON**
> BÓNDI Í HEIÐARGARÐI Í AÐALDAL





Apótekarinn
lyf á lægra verði

1000 kr. afsláttur af
nicorette
fruitmint 2 mg / 4 mg 210 stk.

Tilboðið gildir til 30. september
Apótekarinn
Bíldshöfða, Mjódd, Melhaga, Fjarðarkaup, Salavegi, Smiðjuvegi, Þverholti Mosfellsbæ, Hafnarstræti Akureyri


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

**LÆGÐAGANGUR**
Það lægir smám saman í dag en þó verður áfram hvasst á austanverðu landinu fram undir kvöld. Á morgun kemur ný lægð upp að SV-landi með tilheyrandi vind og vætu en jafnframt með hlýrra loft þannig að það hlýnar heldur á nýjan leik.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 18° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 23° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI i20

## BJÓÐUM NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKU OPNUNARTILBOÐI




ENNEMM / SÍA / NM54179

## Hyundai er flutt í Kauptún 1, Garðabæ

Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45 til 18.00 alla virka daga. Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla.

**Opið laugardaga frá 10-16**

Á laugardögum er opnunartími varahlutaverslunar og söludeilda nýrra og notaðra Hyundai bíla frá kl. 10.00 til 16.00. Í neyðartilfellum verður hægt að nýta sér 24 tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.

Kynnið ykkur vegleg opnunartilboð á nýjum Hyundai bílum




**HYUNDAI Kauptúni 1**
210 Garðabæ
Nýtt símanúmer: 575 1200
www.hyundai.is

BL Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

**Fréttaskýring:** Lífsýnasöfn innan stofnana landsins

# Meirihluti Íslendinga á lífsýni á safni

**Lífsýni úr hundruðum þúsunda Íslendinga eru geymd í lífsýnasöfnum landsins. Elsta sýnið er frá árinu 1944. Hundrað og tuttugu þúsund einstaklingar eiga lífsýni hjá Íslenskri erfðagreiningu og eru allar upplýsingar um þau dulkóðuð áður en þau berast. Ströng lög gilda um söfnin.**

Mörg hundruð þúsund Íslendingar eiga lífsýni í lífsýnasöfnum landsins. Elstu sýnin er að finna í safni veirudeildar Landspítalans og ná þau aftur til ársins 1944.

Fimm lífsýnasöfn eru á skrá hjá Landlæknisembættinu; söfn Krabbameinsfélags Íslands, meinafræðideildar Landspítalans, Hjartaverndar, Vefjarannsóknarstofu Landspítalans og lífsýnasafn Íslenskrar erfðagreiningar og dótturfélagsins Urðar, Verðandi, Skuldar, sem hefur nú verið sameinað lífsýnasafni Decode.

Lífsýni er skilgreint sem „lífrænt efni úr mönnum, lifandi eða látnum, sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar“. Lífsýnum er skipt í þrjá undirflokka; persónugreinanleg, sem eru sýni sem hægt er að rekja til lífsýnisgjafa, vísindasýni, sem aflað er í vísindalegum tilgangi, og þjónustusýni, en það eru lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinginn.

Flest þjónustusýni er að finna á lífsýnasafni veirudeildar Landspítalans (LSH). Þar eiga nokkur hundruð þúsund gjafar um sex hundruð þúsund þjónustusýni í glösum og eru þau elstu frá árinu 1944. Sýnin eru geymd í þjónustuskyni við sjúklingana og eru ekki nýtt til frekari vísindarannsókna í safninu. Geymsla sýnanna gengur út frá ætluðu samþykki, það er að fólk þarf að neita formlega ef það vill ekki láta varðveita úr sér lífsýni.

Halla Hauksdóttir, öryggis- og gæðastjóri lífsýnasafna LSH, segir ógerlegt að finna út nákvæma tölu yfir fjölda þeirra einstaklinga sem eiga sýni.

„Það geta verið tekin nokkur sýni úr sama einstaklingi í aðgerð, svo það er mjög erfitt að ráða í þessa tölu,“ segir Halla og bætir við að skráningarkerfi spítalans hafi tekið stakkaskiptum um árin, sem auðveldi ekki talningu. Nauðsynlegt er að fá dómsúrskurð til að fá sýni afhent í einhverjum öðrum tilgangi en sem þjónustuhlutverk vegna lækninga.

Halla segir þó ekki algengt að fólk vilji fá aðgang að safninu.

Lífsýnasafn Íslenskrar erfðagreiningar hýsir sýni úr 120.000 Íslendingum og hafa þau öll komið frá einstaklingum sem hafa veitt upplýst samþykki fyrir notkun þeirra til rannsókna. Engar rannsóknir eru unnar á þeim nema að fengnu leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Öll auðkenni lífsýnanna sem og upplýsingar um lífsýnagjafana eru dulkóðuð áður en þau berast til Íslenskrar erfðagreiningar og er lykillinn að dulkóðuninni varðveittur af Persónuvernd. Sýnin eru geymd í frysti sem er læstur í rammgerðum klefa og er stjórnað af vélmenni.

Eins og fram hefur komið er hlutverk safnanna misjafnt, en tilgangurinn með geymslu lífsýna er í nær öllum tilvikum að nota þau við rannsóknir. Á heimasíðu Landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar um lög og reglur er varða lífsýnasöfn og er sérstaklega vakin athygli á að fólk hafi rétt á að fara fram á að lífsýni, sem hafa verið tekin úr því vegna þjónusturannsókna, séu ekki nýtt til vísindarannsókna eða varðveitt í safni í því skyni. Þar til gerð úrsagnareyðublöð eiga að liggja fyrir á þeim stöðum sem taka á móti lífsýnum til þjónusturannsókna.

Lög um lífsýnasöfn á Íslandi eru frá árinu 2000. Markmið þeirra er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum með þeim hætti að persónuvernd sé trygg, gætt sé hagsmuna lífsýnisgjafa og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill. Óheimilt er að mismuna lífsýnisgjafa á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru úr lífsýni hans.



**LÍFSÝNI** Um 120 þúsund Íslendingar hafa veitt leyfi fyrir varðveislu og rannsóknum á lífsýnum sínum hjá Íslenskri erfðagreiningu. Sýni úr mörg hundruð þúsund Íslendingum eru geymd í lífsýnasöfnum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is


## Lífsýnasöfn á Íslandi

### Lífsýnasafn Íslenskrar erfðagreiningar

**Gjafar:** 120.000.
**Elsta sýni:** 1996.
**Ábyrgðarmaður:** Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.



KÁRI STEFÁNSSON

*„Þátttakendur í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar taka ekki aðra áhættu en „upplýsingaáhættu“ með þátttöku sinni og er hún harla lítil“, segir Kári. „Réttlætingin á þeirri áhættu sem er tekin er hins vegar sú að rannsóknirnar verði til þess að við uppgötvum eitthvað nýtt um eðli mannsins, til dæmis hvernig hann verður fyrir og verst sjúkdómum.“ Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa birt um 300 vísindagreinar í ritrýndum tímaritum sem byggja á notkun lífsýna í lífsýnasafninu.*

### Lífsýnasafn Hjartaverndar

**Gjafar:** Um 50.000.
**Elsta sýni:** 1967.
**Tegundir sýna:** Blóð, munnvatn og þvag.
**Ábyrgðarmaður:** Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.
*„Nánast allir gjafar eru enn í virkum rannsóknum,“ segir Vilmundur. „Við erum á kafi að mæla úr þeim. Elstu sýnin ná aftur til ársins 1967, þegar Reykjavíkurrannsóknin hófst. Við erum enn að mæla blóðvatnssýni úr þátttakendum í Reykjavíkurrannsókninni sem hófst árið 1967 og öldrunarrannsóknin okkar er einnig hluti af því. Þetta eru okkar langtímarannsóknir.“*

### Lífsýnasafn Krabbameinsfélagsins

**Lífsýnagjafar:** Um 12.000.
**Elsta sýni:** 1987.
**Tegundir sýna:** Sermi/plasma, rauð blóðkorn, kleyfkjarna hvítfrumur og eitilfrumur. Í einstaka tilvikum húðbitar og annað sem síðar kann að verða skilgreint.
**Ábyrgðarmaður:** Helga M. Ögmundsdóttir, forstöðumaður rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði.
*„Sýnagjafar okkar þurfa að gefa upplýst samþykki áður en sýnin eru sett í geymslu,“ segir Helga. „Það er afar sjaldgæft að fólk neiti okkur um sýni, en samþykkið er í nokkrum skrefum og það kemur fyrir að fólk takmarki hversu langt sýnið má fara í ferlinu.“*

### Lífsýnasafn veirudeildar LSH

**Lífsýnagjafar:** Nokkur hundruð þúsund. Um 600.000 sýnaglös í safninu.
**Elsta sýni:** 1944.
**Tegundir sýna:** Frumu- og vefjasýni, sem eru ýmist á smásjárglerjum, steypt í paraffín eða fryst.
**Ábyrgðarmaður:** Halla Hauksdóttir, öryggis- og gæðastjóri lífsýnasafna LSH.
*Sýni í lífsýnasafninu eru notuð við sjúkdómsgreiningar og aðra þjónustu við sjúklinga. Sýni sem þörf er á að nota vegna þjónustu við sjúklinga eru ætíð til reiðu og er hægt að nota þau án nokkurs fyrirvara. Sýni eru einnig notuð til kennslu, gæðaeftirlits og aðferðaþróunar og eru þá ópersónugreinanleg. Stjórn lífsýnasafnsins er heimilt að leyfa afhendingu vefs til vísindarannsókna. Skilyrði fyrir slíkri afhendingu er að leyfi/tilkynning til Persónuverndar og leyfi Vísindasiðanefndar liggi fyrir.*

### Lífsýnasafn vefjafræðideildar LSH

**Lífsýnagjafar:** Fleiri tugir þúsunda. Mörg hundruð þúsund sýni í safninu.
**Elsta sýni:** 1955.
**Tegundir sýna:** Frumu- og vefjasýni.
**Ábyrgðarmaður:** Bjarni Agnarsson, prófessor á meinafræðideild Landspítalans.
*„Þetta er gríðarlegur fjöldi sýna sem hefur verið safnað,“ segir Bjarni. „Það er útilokað að finna út fjölda lífsýnagjafa, því skráningarkerfinu hefur svo oft verið breytt í gegnum árin. En þetta er gríðarlegur fjöldi, mörg hundruð þúsund. Safn vefjafræðideildarinnar er öðruvísi á þann hátt að þau sýni sem til falla eru sett þangað, en það er ekki verið að safna þeim markvisst í sjálfu sér.“*












**Audi A4** 2,0 TDi AT
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 33.500 km, skálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.290.000,-**

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Audi A6** 2,0 TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 79.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.590.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 41.500, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.390.000,-**



**Audi A4** 2,0 TDi AT
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.090.000,-**



**Skoda Superb** TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 10.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.290.000,-**



**VW Bjalla**
Árgerð 2002, bensín
Ekinn 108.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**990.000,-**



**VW Touareg** 3,2 V6 (USA)
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.290.000,-**



**Tilboð kr. 1.990.000**

**MM Lancer Invite**
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 51.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.590.000,-**



**Toyota Avensis** EXE
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 54.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.990.000,-**



**Toyota** Avensis 1800
Wagon Sol. Árgerð 2009, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.270.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 60.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.490.000,-**



**Tilboð kr. 2.490.000**

**VW Golf** Trendl 1,4Tsi
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 55.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.790.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,4TSi AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 39.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.890.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

Söngskólinn Domus vox

Vetrarstarfið er hafið

Stúlknakór Reykjavíkur
Kvennakórinn Cantabile
Vox feminae

Skrifstofan er opin mánudaga-fimmtudaga
kl. 14:00-18:00, Laugavegur 116 sími 511-3737

Skólastjóri Margrét J. Pálmadóttir

domusvox@domusvox.is
www.domusvox.is

Domus vox

# Engin lausn í banni á verðtryggingunni

**Höfundar skýrslu sem kynnt var í gær telja bann við verðtryggingu ekki munu leysa neinn vanda. Grunnrætur vandans, verðbólga og óstöðugleiki, munu áfram vera við lýði. Lántakendur fái nægar upplýsingar til að meta áhættu.**



**AFNÁM VERÐTRYGGINGAR STOÐAR LÍTT** Ásgeir Jónsson, lektor við HÍ, er einn af höfundum skýrslunnar sem um er rætt, en niðurstaða höfunda er að bann á verðtryggingu feli ekki í sér lausn gegn óstöðugleika í íslensku hagkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÁRMÁL** Bann við verðtryggðum lánum eða úthýsing þeirra af íslenskum fjármálamarkaði mun ekki leysa neinn vanda. Í raun ætti frekar að fjölga valkostum lántakenda og tryggja þess í stað að þeir séu vel upplýstir um þá áhættu sem fylgir hverjum valkosti. Þetta segir í niðurstöðu sérfræðingaskýrslu sem gerð var fyrir Samtök fjármálafyrirtækja og kynnt í gær.

Í skýrslunni er vísað til árabilsins 2001 til 2008 þar sem íslenska krónan var á floti í frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Þá var gengisþróun krónunnar einn helsti áhrifavaldur verðbólgu þar sem reglulegar kollsteypur á gengismarkaði ollu verðbólguskellum. Er þeirri spurningu meðal annars varpað fram hvort fljótandi gengi krónunnar sé yfirhöfuð mögulegt í ljósi umræddra sveiflna og óstöðugleika í hagkerfinu.

Vandinn við verðtryggingu er fjórþættur að mati höfunda. Í fyrsta lagi skapi löng, fastvaxta verðtryggð húsnæðislán með jafngreiðslufyrirkomulagi, svokölluð Íslandslán, hvata fyrir of mikla skuldsetningu, auk þess sem meirihluti slíkra lána sé með ríkisábyrgð. Þá séu heimilin að taka á sig of mikla áhættu og loks þvælist verðtryggingin fyrir framgangi peningamálastefnu Seðlabankans.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir: „Þegar allt er dregið saman verður ekki séð að það leysi nokkurn vanda að banna verðtryggingu eða reyna að úthýsa henni af íslenskum fjármálamarkaði. […] Það er ekki líklegt að blátt bann við verðtryggingu hjálpi nokkrum, og allra síst framtíðarlántakendum. Grunnrót vandans – verðbólga og óstöðugleiki – yrði áfram til staðar en þeim leiðum sem hægt er að beita til þess að bregðast við honum hefði aðeins fækkað.“

Að mati höfunda skýrslunnar liggur lausnin frekar í því að minnka hvatann til skuldsetningar og auka endurgreiðsluhraða, afléttaríkisábyrgð sem er á meirihluta fasteignalána, minnka þjóðhagslega áhættu með aukinni fjölbreytni á lánamarkaði og efla stjórntæki Seðlabankans til þess að stjórna eftirspurn í hagkerfinu.

thorgils@frettabladid.is






**TARIQ AL HASHEMI** Sakar forsætisráðherra Íraks um pólitískar ofsóknir. NORDICPHOTOS/AFP

Hashemi segist saklaus:

## Viðurkennir ekki dóminn

**TYRKLAND, AP** „Dómsúrskurðurinn er ranglátur, pólitískur, ólöglegur og ég mun ekki viðurkenna hann,“ segir Tariq al Hashemi, varaforseti Íraks.

Hashemi er í útlegð í Tyrklandi og var um helgina dæmdur til lífláts af íröskum dómstól fyrir að hafa átt hlut að morðum á andstæðingum sínum. Hashemi segist samt stoltur af því að það hafi verið erkiandstæðingur hans, Nouri al Maliki forsætisráðherra, sem hafi staðið á bak við dóminn.

- gb

Tekjur hins opinbera:

## Heildartekjur á 2. ársfjórðungi jukust um 10%

**EFNAHAGSMÁL** Heildartekjur hins opinbera á öðrum ársfjórðungi námu 183,4 milljörðum, sem er aukning um rúm tíu prósent frá sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofu.

Heildarútgjöld hins opinbera hækkuðu um 5,9 prósent á sama fjórðungi, úr 184,8 milljörðum króna 2011 í 195,7 milljarða í ár.

Þannig var 12,3 milljarða króna tekjuhalli hjá hinu opinbera á öðrum fjórðungi þessa árs, sem nemur 2,9 prósentum af landsframleiðslu ársfjórðungsins, en í fyrra var tekjuhallinn 18,6 milljarðar.

- þj







Jimny 40th Anniversary

Jimny er með **sterkbyggða sjálfstæða grind**, sem auk gormafjöðrunar á öllum hjólum gerir auðvelt að hækka bílinn upp. 5 gíra handskipting eða 4 hraða sjálfskipting. Hægt að tengja framdrif á allt að 100 km hraða. Litaðar rúður. ABS hemlar. Öryggisloftpúðar fyrir ökumann og framsætisfarþegar. Styrktarbitar í hurðum.

Hæðarstillanleg aðalljós. Þjófavörn. Vökvastýri. Rafdrifnar rúðuvindur. Fjárstýrðar samlæsingar. Rafstýrðir útispeglar. Snúningshraðamælir. Þrívirk inniljós og kortaljós. Höfuðpúðar á fram- og aftursætum. Tvískipt fellanlegt aftursætisbak. Útvarp m. geislaspilara. Meðaleyðsla frá **7,3L/100 km**, beinskiptur.

FULL FRAME 4x4

Hugtök Markaðsráðgjöf, sept. 2012

## B R Á Ð U M   B Y R J A R   F J Ö R I Ð







**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn frá Alaska sem hér var fyrir helgi?*

**2.** *Hver hefur verið valinn prestur í Hjallaprestakalli?*

**3.** *Hvernig fá nemendur í Lágafellsskóla útrás fyrir umframorku í kennslustund?*

**SVÖR**

*1. Lisa Murkowski. 2. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. 3. Þeir sitja á bolta við skólaborðið.*

Átakinu Öll með tölu hleypt úr vör til styrktar Kvennaathvarfinu:

# Jóhanna keypti tölur á alla ráðherra

**SAMFÉLAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra keypti fyrstu töluna þegar átaki Kvennaathvarfsins, Öll með tölu, var hleypt af stokkunum í gærmorgun. Jóhanna valdi sjálfri sér rauða tölu og lét ekki þar við sitja, heldur keypti eina tölu handa hverjum samráðherra sínum.

Með átakinu á að safna fyrir stærra húsnæði undir starfsemi Kvennaathvarfsins. Ásókn í athvarfið hefur aukist og aldrei hafa fleiri börn dvalið þar en nú. Í tilkynningu segir að konur og börn sem flýi ofbeldi hafi þurft að sofa í sófum athvarfsins og á dýnum á gólfi þegar verst hefur látið.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra athvarfsins, flutti erindi þegar átakinu var ýtt úr vör og kvaðst vonast til þess að aldrei þyrfti aftur að stækka athvarfið. Best væri ef einn daginn yrði það óþarft með öllu. Hún skoraði jafnframt á Jóhönnu Sigurðardóttur að taka þessi mál fastari tökum.

Átakið stendur til 23. september og er talan fáanleg í átta litum. **- sh**



**FÉKK SÉR RAUÐA** Jóhanna fékk sér tölu í sama lit og flokksmerki Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkeppnishæfni þjóða:

# Ísland er áfram í 30. sætinu

**EFNAHAGSMÁL** Ísland vermir enn 30. sætið í mælingum Alþjóðaefnahagsráðsins á samkeppnishæfni þjóða. Þrátt fyrir að litlar breytingar eigi sér nú stað á milli ára, þá er þessi staða mikill viðsnúningur frá því sem var fyrir tveimur árum þegar Ísland féll um sex sæti, segir á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Vísitalan endurspeglar þá þætti sem segja til um framleiðni þjóða og vaxtarmöguleika. Sviss er efst á listanum, Singapúr er í öðru sæti en Finnland í því þriðja. **- shá**


# iPad | iPhone
## Ert þú að nýta tækin til fulls?



**iPad | iPhone grunnnámskeið**
Tveggja kvölda námskeið þar sem farið er yfir öll helstu atriði við notkun á tækjunum.
**Verð:** 9.900 kr.

**iPad | iPhone framhaldsnámskeið**
Kvöldnámskeið fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á iPad eða iPhone en langar að læra meira.
**Verð:** 8.900 kr.

**App fyrir iPhone | iPad**
Lærðu að búa til þitt eigið app.
Lágmarkskunnátta í forritun er æskileg.
Helgarnámskeið 20. og 21. okt. **Verð:** 32.500 kr.

**App fyrir Android**
Lærðu að búa til þitt eigið app.
Engrar forritunarkunnáttu er krafist.
Helgarnámskeið 6. og 7. okt. **Verð:** 32.500 kr.

**Skráning og nánari upplýsingar:** Sími 514 9602
www.tskoli.is/ipad | endurmenntun@tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is









**SPRENGJULEITARMENN** Sprengjuleitarlið breska hersins fyrir utan heimili fjölskyldunnar í Claygate. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjuleit á heimili myrtu fjölskyldunnar í London:

# Ein byssa var notuð við morðin í Frakklandi

**BRETLAND** Franska lögreglan hefur upplýst að aðeins ein byssa hafi verið notuð þegar fjölskylda frá Bretlandi var myrt þar sem hún var á ferðalagi á bifreið sinni í Frakklandi í síðustu viku.

Enn er ekkert vitað um ástæðu morðanna.

Breska lögreglan hefur leitað að vísbendingum á heimili fjölskyldunnar í Claygate, litlum bæ rétt hjá London.

Í gær var sprengjuleitarsveit breska hersins kölluð á staðinn og voru hús í næsta nágrenni rýmd á meðan. Stuttu síðar var hættuástandi aflétt, en lögreglan sagði að nokkrir hlutir sem fundust í húsinu hefðu vakið áhyggjur.

Sjö ára dóttir myrtu hjónanna vaknaði úr dái á sunnudag en hafði ekki verið yfirheyrð í gær. Fjögurra ára systir hennar er komin til Bretlands, en hún gat litlar upplýsingar gefið.

Franska lögreglan hefur staðfest að 74 ára kona, sem var meðal hinna myrtu, hafi verið tengdamóðir fjölskylduföðurins og amma stelpnanna. Hún var með sænskan ríkisborgararétt en ættuð frá Írak eins og aðrir úr fjölskyldunni.

Auk foreldra og ömmu stúlknanna var franskur hjólreiðamaður myrtur, en hann virðist hafa af tilviljun átt leið fram hjá þegar morðin voru framin. **- gb**


www.volkswagen.is




# Volkswagen Polo - fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

**Polo kostar aðeins frá**
# 2.290.000 kr.

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

**Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo**

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Fyrir hönd tryggingasamsteypunnar Versicherungskammer Bayern óskum við Sparnaði til hamingju með að vera komið í flokk þeirra fyrirtækja sem hafa hlotið alþjóðlegu vottunina ISO 9001:2008.

*Með kærri kveðju frá Munich, Þýskalandi*

**Mounir Sanaa**
Head of cross-border sales

**Dr. Dirk Hermann**
Sales executive

SPARNAÐUR
Umboðsaðili Bayern-Versicherung
sem tilheyrir fyrirtækjasamstæðu
Versicherungskammer Bayern

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 4, Akureyri,
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is • www.sparnadur.is

Síðan 1811:
Frá húseignatryggingum til tryggingasamstæðu.

NÝTT!

Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju

Opinn fyrir allar stúlkur á aldrinum 9 – 12 ára

Skráning og fyrsta æfing í dag þriðjudaginn 11. September kl. 16:15

Stjórnandi: Margrét J. Pálmadóttir

Píanóleikari: Hilmar Örn Agnarsson

# Fagna sigri en hafa samt misst völdin

**Lýðræðissinnar í Hong Kong hafa misst meirihluta sinn á landsþingi í kosningum, þrátt fyrir að hafa fengið meirihluta atkvæða almennings.**



**LÝÐRÆÐISSINNAR Í HONG KONG** Albert Ho, James To og fleiri forystumenn lýðræðisflokkanna í Hong Kong sigurreifir á blaðamannafundi eftir kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HONG KONG** Albert Ho, leiðtogi Lýðræðisflokksins í Hong Kong, sagði af sér í gær eftir að lýðræðisflokkar höfðu misst meirihluta í þingkosningum á sunnudag.

Hann segir lélegan árangur lýðræðissinna í kosningunum fyrst og fremst því að kenna hve mikill og hávær ágreiningur hefur verið innan fylkingar lýðræðissinna, sem skiptist í marga litla flokka.

Kosningaþátttakan var 53 prósent, sem þykir gott og bendir til þess að almenningur vilji breytingar og sé óánægður með landstjórann C.Y. Leung, sem er fulltrúi Kínastjórnar.

Undanfarnar vikur hafa verið fjölmenn mótmæli gegn áformum stjórnarinnar um að tryggja Kínastjórn meiri völd í Hong Kong. Mótmælin urðu til þess að stjórnin hvarf frá þessum áformum, en enginn lýðræðisflokkanna hefur samt náð að tryggja sér yfirgnæfandi stuðning.

Flokkar lýðræðissinna fengu þannig aðeins 27 þingsæti af alls 70, þrátt fyrir að hafa fengið rúman meirihluta af atkvæðum almennings. Atkvæði almennings ráða hins vegar einungis fjörutíu þingsætum, því þrjátíu þingsæti eru kosin af fyrirtækjum og hagsmunasamtökum í Hong Kong. Í flestum tilfellum eru það fulltrúar eða fylgjendur Kínastjórnar sem fara með yfirráð í þessum fyrirtækjum og hagsmunasamtökum.

Flokkar sem fylgja Kínastjórn að málum fengu því 43 þingsæti og eru með öruggan meirihluta á nýja þinginu. Lýðræðisflokkarnir héldu samt nægum þingmannafjölda til að geta komið í veg fyrir stjórnarskrárbreytingar, og geta því stöðvað öll hugsanleg áform nýja meirihlutans um að draga úr lýðræði í Hong Kong og færa aukin völd til Kínastjórnar. Hong Kong var breskt yfirráðasvæði til ársins 1997, en þá rann út samningur um yfirráð Breta og Hong Kong fór undir Kínastjórn. Íbúum í Hong Kong var þó lofað að fá að hafa heimastjórn í að minnsta kosti fimmtíu ár með óbreyttu viðskiptafrelsi, þrátt fyrir að Kína tæki við yfirráðunum.

Kínastjórn hefur einnig lofað Hong Kong-búum að fá að kjósa sér sjálfir landstjóra árið 2017 og að allt þingið verði kosið af íbúum frá og með 2020.

gudsteinn@frettabladid.is



# 60 MILLJÓNIR*

## DREGNAR ÚT Í AÐALÚTDRÆTTI Í DAG!

**FÁÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS FYRIR KL. 18**

**3.000** vinningar í dag!

Finnst þér ekki eins og **röðin sé komin að þér**? Í dag verða um **3.000 vinningar** greiddir út til heppinna miðaeigenda. **Trompmiðinn fimmfaldar vinningsupphæðina**. Viltu ekki koma þér í pottinn og athuga hvort heppnin er með þér?



Miðaeigendur styðja uppbyggingu Háskóla Íslands og tækjakaup til rannsókna- og vísindastarfs.

Fjárfesting í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags, ...

... öflugs atvinnulífs og velferðar.

**ÞANNIG VINNUM VIÐ ÖLL**




## EINN MIÐI – TVEIR LEIKIR

**Milljónaveltan** verður svo á sínum stað seinna í mánuðinum. Nú stendur vinningurinn í **60 milljónum**. Auk þess drögum við alltaf út **5 stakar milljónir**, aðeins úr seldum miðum.

**DRÖGUM 25. SEPT.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11 eða hjá næsta umboðsmanni.**

* Meðaltal vinninga í Aðalútdrætti er um 60 milljónir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 122586

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þrjátíu ára þjónusta við konur á leið úr ofbeldissamböndum:

# Öll með tölu Kvennaathvarfsins

Rúm þrjátíu ár eru síðan hópur kvenna tók sig saman og boðaði til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf. Rétt um hálfu ári síðar var búið að gera húsnæði klárt til þess að taka á móti fyrstu dvalarkonunum.

Árið 1982 hafði ekki farið fram mikil umræða um ofbeldi í nánum samböndum hér á landi. Málefnið lá þannig enn í þagnargildi. Úrtöluraddirnar voru allsterkar og þeir voru margir sem ekki töldu þörf á því að hefja starfsemi kvennaathvarfs á Íslandi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Á daginn kom þó að þörfin var mikil. Strax á opnunardegi athvarfsins var fyrsta konan mætt og á þeim nærri þrjátíu árum sem athvarfið hefur starfað hafa 3300 konur dvalið þar um lengri eða skemmri tíma, margar með börn sín líka. Enn fleiri konur hafa þegið þjónustu athvarfsins í ráðgjöf og sjálfshjálparhópum en sími athvarfsins er opinn allan sólarhringinn árið um kring.

Konurnar sem leita til Kvennaathvarfsins eru á öllum aldri, þær koma hvaðanæva að af landinu og eiga uppruna sinn um heim allan. Menntun þeirra er mismunandi og störfin sem þær stunda einnig. Sumar eiga sterkt bakland í fjölskyldu og vinum en aðrar eiga fáa að, eða jafnvel engan. Aðstæður kvennanna í athvarfinu eru þannig afar margbreytilegar.

Það sem konur sem leita til Kvennaathvarfsins eiga sameiginlegt er að heimili þeirra hefur ekki verið þeim sá griðastaður og skjól sem heimili eiga að vera. Þær eiga það sameiginlegt að hafa vilja til að breyta aðstæðum sínum. Þess vegna hafa þær stigið hið stóra, og oft á tíðum erfiða skref, að knýja dyra í Kvennaathvarfinu og leita þar eftir stuðningi og húsaskjóli.

Kvennaathvarfið stendur öllum opið, alltaf. Engri konu er vísað frá jafnvel þótt oft sé þröng á þingi í athvarfinu. Undanfarin misseri hafa allt of oft komið upp þær aðstæður að konur og börn sem flúið hafa ofbeldisaðstæður á heimili sínu neyðast til að gera sér að góðu að sofa á dýnu á gólfi eða í sófa í setustofu vegna þess að hvert rúm er skipað. Þessar aðstæður eru auðvitað óviðunandi.

Á afmælisárinu hafa Samtök um kvennaathvarf því efnt til fjáröflunarátaks undir yfirskriftinni „Öll með tölu“. Markmið átaksins er að unnt verði að stækka húsnæði athvarfsins. Með þeirri stækkun standa vonir forráðakvenna athvarfsins til þess að neyðarúrræði, eins og það að dvalarkonur liggi á gólfi, heyri sögunni til.

Kvennaathvarfið veitir mikilvæga þjónustu sem ekki stendur til boða annars staðar. Því miður er enn svo mikil þörf fyrir þjónustu athvarfsins að húsnæði þess annar ekki eftirspurn svo vel sé en aðsókn í athvarfið eykst ár frá ári, auk þess sem dvalartími kvennanna þar lengist.

Kaup á litríkri og fallegri tölu Kvennaathvarfsins er stuðningur við konur sem vilja brjótast út úr ofbeldissamböndum. Það ættum við að gera öll með tölu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 580 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 17. september (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 27. september (18:30-21:30)

Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einn ánægður

Fundinn er þingmaður sem telur laun sín mannsæmandi. Hingað til hefur ekki verið hörgull á þingmönnum sem kvarta undan lágum launum. Lilja Mósesdóttir, Pétur Blöndal, Björn Valur Gíslason og Tryggvi Þór Herbertsson eru nokkur dæmi um þingmenn sem hafa þurft að herða sultarólina svo að þeir íhuguðu jafnvel að hætta þingmennsku. En hinir sáttu hafa ekki látið mikið í sér heyra. Það breyttist í gær, þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagðist í viðtali við DV vera „með þokkaleg laun sem þingmaður“. Öðruvísi mönnum áður brá.



### Þarf þau ekki

Sigmundur bætir reyndar við í viðtalinu að hann eigi sterkefnaða konu og þurfi því engar áhyggjur að hafa af peningum. Þannig að einu þingmennirnir sem eru ánægðir með launin sín eru þeir sem þurfa þau ekki.

### Sama gamla

Auglýsing fyrir málefnaþing ungra sjálfstæðismanna setti internetið nánast á hliðina í gær. Á henni sjást grimmúðlegar myndir af fólki sem SUS-arar setja undir hatt sósíalista. Þingmenn Samfylkingar og Vinstri græns við hlið François Hollande og Baracks Obama. Þetta fór allöfugt ofan í bloggara og fleiri, sem bentu á að bandarískir demókratar væru sko engir sósíalistar á íslenskan mælikvarða. Það má til sanns vegar færa, en það er furðulegra að þetta skuli núna vekja slíka hneykslan – enda eru þessi vinnubrögð engin nýlunda. Við hverju bjóst fólk eiginlega úr þessari átt? Rökréttri framsetningu?



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Klók leið ríkisstjórnarinnar til að skapa störf í kreppunni

Atvinnumál



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Eitt allra snjallasta ráðið sem ríkisstjórnin brá á til að skapa störf í hápunkti kreppunnar þegar atvinnuleysið var sem hæst var ákvörðun um að endurgreiða 100% virðisaukaskatt af vinnu við viðhald bygginga einstaklinga, bæði íbúðarhúsnæðis og sumarhúsa, og af opinberum byggingum.

Hátt á annað þúsund ársverk urðu til vegna þessarar djörfu ákvörðunar sem ríkisstjórnin tók mjög snemma á ferli sínum – eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hvarf úr stjórninni. Hundruð atvinnulausra iðnaðarmanna fengu vinnu, smiðir, rafvirkjar, pípulagningamenn, múrarar og fleiri. Ekki má gleyma verkfræðistofum sem fengu verkefni við að gera úttektir á viðhaldsþörf, hanna verk og meta, og loks hafa umsjón með framkvæmdum.

Um alla Reykjavík og allt landið ruku upp stillansar. Húseigendur og húsfélög sem höfðu látið viðhald sitja á hakanum tóku tilboði ríkisstjórnarinnar um 100 prósenta endurgreiðsluna, og fengu iðnaðarmenn, verktakafyrirtæki og verkfræðistofur til að standa fyrir endurbótum á stórum blokkum. Sama gerðu sveitarfélög sem höfðu beðið með viðhald á eignum sínum.

> Hátt á annað þúsund ársverk urðu til vegna þessarar djörfu ákvörðunar sem ríkisstjórnin tók mjög snemma á ferli sínum – eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hvarf úr stjórninni.

Fyrir marga einyrkja og lítil fyrirtæki skipti ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að endurgreiða 100 prósenta virðisaukaskattinn í algerum sköpum.

Ríkisstjórnin, sem Sjálfstæðisflokkurinn skammar fyrir að hækka skatta á hátekjufólk, lækkaði þvert á móti skatta til að skapa störf fyrir atvinnulaust fólk.

Þetta gerðist ekki meðan Sjálfstæðisflokkurinn var við völdin – heldur eftir að hann fór úr ríkisstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Haustið og heilsan

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Haustið er komið, veðrið hefur breyst til muna á örfáum dögum, gróðurinn að breytast og önnur lykt komin í loftið. Það er kaldari tími fram undan umvafinn dulúð, krafti og fegurð. Skólarnir að byrja, starfsemi fyrirtækja að komast á skrið að nýju og undirbúningur fyrir veturinn hafinn. Það er eitthvað ánægjulegt við haustið, maður er fullur af orku eftir sumarið og reiðubúinn að takast á við verkefni þau sem liggja fyrir með eftirvæntingu.

Þetta er skemmtilegur tími og fallegur þegar litir umhverfisins breytast og næturfrost og norðurljós láta á sér kræla á ný. Flest okkar fá ný hlutverk og annríkið eykst á þessum sama tíma, dagarnir verða skipulagðari og verkefnin fjölbreyttari fram að næsta sumri.

Á þessum tíma eru margir sem ætla sér að komast í gott form, byrja að æfa af krafti að nýju. Líkamsræktarstöðvarnar fyllast af fólki sem hefur „trassað“ hreyfingu sína um sumarið og vill ná af sér grillsteikunum. Í það minnsta á að komast í kjólinn fyrir jólin, lyfta brasilíska rassinum eða verða „fit“ eins og stjörnurnar.

Þetta er allt gott og blessað og vonandi ná allir þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér, svo lengi sem þeir fylgja almennum leiðbeiningum og fara ekki fram úr sjálfum sér með ofþjálfun, rangri líkamsbeitingu, ofneyslu próteindrykkja eða fæðubótarefna eða annarri viðlíka vitleysu. Þá ættu viðkomandi ekki að láta fólk sem hefur litla sem enga menntun né þekkingu á starfsemi líkamans segja sér fyrir verkum í þjálfun eða hvað næringu snertir.

Mikilvægast er að horfa til þeirra þátta sem skipta okkur öll máli, en það eru reglubundin hreyfing, hollt mataræði, nægur svefn og hæfilegt álag. Allir ættu að eiga skilgreind verkefni við sitt hæfi og vera í góðum samskiptum við annað fólk. Þetta eru þeir þættir sem teljast til heilbrigðra lífshátta og skila sér í bættri heilsu og líðan.

Nú þegar haustið er komið er mikilvægt að muna eftir þessum grundvallarþáttum, kveisur og pestir herja frekar á þá sem eru undir miklu álagi og streitu og hugsa síður um sjálfa sig. Þá er einnig talið að sjúkdómar ýmiss konar geti átt orsök sína í slíku ójafnvægi.

Það er skynsamlegt að verjast inflúensu með bólusetningu sem herjar alla jafna á þessum tíma, einnig er ráðlegt að nota bætiefni sem sannað hafa gildi sitt eins og Omega 3-fitusýrur og D-vítamín sem okkur öll skortir yfir vetrartímabilið. Þeir sem reykja ættu að stefna að því að hætta því en víst er að reykingafólki er hættara við sjúkdómum í öndunarfærum svo sem eins og berkjubólgu og lungnabólgu.

Því er skynsamlegt að verja hæfilegum tíma til að rækta sjálfan sig og sína nánustu. Það er auðvitað ekki til nein töfraformúla þegar kemur að heilbrigði einstaklinga sem eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Þó er ljóst að ef við náum því markmiði að halda góðu jafnvægi milli þeirra þátta sem ég taldi upp að framan og hugsum jákvætt og uppbyggilega er líklegra en ekki að heilsa okkar verði góð.

> Mikilvægast er að horfa til þeirra þátta sem skipta okkur öll máli, en það eru reglubundin hreyfing, hollt mataræði, nægur svefn og hæfilegt álag. Allir ættu að eiga skilgreind verkefni við sitt hæfi og vera í góðum samskiptum við annað fólk.

Tökum því á móti haustinu og komandi vetri með gleði og eftirvæntingu, fögnum fjölbreytileika þeirra verkefna sem fyrir okkur liggja og setjum markið hátt auk þess að muna eftir að njóta lífsins, því það mun svo sannarlega skila sér í bættri heilsu okkar.

AF NETINU

## Mannréttindi barna

Nú berast af því fregnir að börnum sé meinuð þátttaka í frístundastarfi vegna vangoldinna reikninga hjá Reykjavíkurborg. Ekki er útilokað að einhver börn hafi misst pláss í leikskólum vegna hins sama, en börnum er ekki vísað frá í mötuneytum grunnskóla borgarinnar þótt reikningar séu ógreiddir.

Auðvitað á ekkert barn að vera svangt – og það væri óverjandi með öllu að vísa barni úr röðinni í skólamötuneytinu vegna vangoldinna reikninga foreldra sinna. Það er óverjandi ef barn missir hluta úr leikskólagöngu sinni vegna vangoldinna reikninga foreldra sinna. Og það er óverjandi að 6 ára barn megi einn góðan veðurdag ekki fylgja félögum sínum í frístundaheimilið.

http://blogg.smugan.is

Sóley Tómasdóttir









# Er veiðigjaldaklúðrið afrek?

Sjávarútvegsmál
Einar Kristinn Guðfinnsson
alþingismaður



Í lofgjörðarrullu sinni um ríkisstjórnina í Fréttablaðinu 6. september sl. tíundar Jón Steinsson, dósent við Columbia-háskóla í New York, meðal annars veiðigjöldin, í tilraun sinni til þess að telja upp helstu dáðir núverandi stjórnvalda. Þarna er greinarhöfundur einstaklega seinheppinn. Það er eins og hann hafi kosið að kveða órímaða öfugmælavísu um ríkisstjórnina.

### Ekki ný hugmynd

Hugmyndin um auðlindagjald í sjávarútvegi var lengi afar umdeild. Lengst af var örðugt að koma auga á forsendur slíkrar gjaldtöku á greinina, í ljósi afkomu hennar. Um þetta vorum við núverandi atvinnuvegaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, sammála, eins og kom meðal annars fram í orðaskiptum okkar á Alþingi á sl. vori. Með bættu skipulagi veiða, sameiningu aflaheimilda, minni sóknartengdum kostnaði og almennri hagræðingu í sjávarútvegi, má hins vegar segja að forsendur umræðunnar hafi breyst. Það var meðal annars í því ljósi sem fyrir um einum áratug varð býsna víðtækt samkomulag um álagningu veiðigjalds í sjávarútvegi, samfara áformum um slíka gjaldtöku af annarri auðlindanýtingu í landinu. Þetta gerðist í valdatíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í samstarfi við Framsóknarflokkinn.

### Skothent klúður

Allir sem til þekkja vita að álagning auðlindagjalda er vandmeðfarið verkefni. Bent hefur verið á að slíkt fyrirkomulag sé nær óþekkt í sjávarútvegi í heiminum og finnist hvergi á byggðu bóli í því formi sem nú tíðkast hér á landi. Ríkisstjórn sem hefði viljað nálgast slíkt verkefni af metnaði, hefði því vitaskuld leitað til okkar færustu sérfræðinga á sviði auðlindahagfræði, en við erum svo heppin að eiga slíkum mönnum á að skipa.

Það var ekki gert. Engra slíkra ráða var leitað, heldur vaðið í málið, af fullkomnu kunnáttuleysi og því offorsi, sem hefur einkennt vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar í stórum sem smáum málum.

Afraksturinn varð eins og allir vita; skothent klúður sem fáir hafa treyst sér til þess að bera blak af. Hvað þá lofsyngja eins og Jón Steinsson gerir fyrirvaralaust í grein sinni.

### Grafskriftin: bílslys

Í fyrstu tilraun núverandi ríkisstjórnar til þess að leggja á nýja gerð auðlindaskatts í sjávarútvegi með nýrri fiskveiðilöggjöf, varð niðurstaðan svo hörmuleg, að fá dæmi eru um annað eins. Málið var undirbúið af fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þar með talið báðum forystumönnum hennar. Um málið ráðslöguðu til viðbótar ekki færri en sex þingmenn stjórnarliðsins, alls tíu þingmenn að ráðherrunum meðtöldum. Það segir hins vegar þá sögu sem segja þarf að það mál dó svo drottni sínum. Grafskriftina ritaði svo Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og sagði tiltækið einna helst líkjast bílslysi.

### „Ekkert fyrirtæki er líklegt til að standa undir þeim álögum“

Hófst nú annað vers. Ríkisstjórnin lagði fram sína aðra tilraun. Ekki tók nú betra við. Í ljós kom að málið var svo illa úr garði gert, að sérfræðingar sem fengnir voru til þess að meta það komust að þeirri niðurstöðu að það byggðist á slíkri grundvallarskekkju, að um tómt væri að tala að ræða það efnislega. „Það var mat höfunda að tilgangslaust væri að meta áhrif frumvarpsins í óbreyttri mynd. Ekkert fyrirtæki er líklegt til að standa undir þeim álögum,“ sögðu þeir Daði Már Kristófersson og Stefán B. Gunnlaugsson, sérfræðingarnir sem atvinnuveganefnd Alþingis fékk til liðs við sig til þess að meta áhrif frumvarpsins.

Þá var bent á að innheimta veiðigjaldanna væri ekki byggð á raunverulegum auðlindaarði, eins og fræðimenn skilgreina hann. Þess í stað var stuðst við gögn, sem aldrei voru hugsuð til þess að leggja á skatta; hvað þá svo sértæka skatta sem auðlindaskattar eru. Fullyrðing Jóns Steinssonar um að þjóðin muni nú loks njóta sanngjarns hluta auðlindaarðs, stenst því ekki.

### Fúsk

Skynsamlegast hefði auðvitað verið að leggja þetta verk á hilluna, eins og hið fyrra. Kalla til sín þá einstaklinga sem hefðu þekkingu á málinu og leggja upp í alvöru vinnu. Það var auðvitað ekki gert. Þess í stað voru hér samþykkt í vor lög sem eru bæði gölluð að formi og inntaki. Þau voru í einu orði sagt fúsk. Það er þessa löggjöf sem Jóni Steinssyni finnst að ríkisstjórnin ætti að fá uppskorna í formi vinsælda hjá almenningi í landinu.

Gæti nú ekki verið að almenningur sæi einfaldlega það sem blasir við hverjum þeim sem þessa löggjöf skoðar? Að hún standist ekki mál, sé skaðleg sjávarútveginum og þar með þjóðarbúskapnum og hagsmunum almennings í landinu.

### Afrek í klúðri

Jafnvel eftir þær breytingar sem ríkisstjórnin neyddist til að gera á frumvarpi sínu, eru áhrif löggjafarinnar stórskaðleg og því brýnt að breyta henni. Það er líkt og ríkisstjórnin hafi áttað sig á þessu. Lögin gera beinlínis ráð fyrir því að ný nefnd, veiðigjaldanefnd, fái nær altækar heimildir til þess að gera breytingar á fyrirkomulaginu svo sem lög leyfa og verði falið að koma með tillögur til lagabreytinga.

Það undrar í sjálfu sér engan. Afleiðingar lagasetningarinnar verða fyrirsjáanlega af því taginu að öllum er ljóst að við svo búið má ekki standa til frambúðar. Það er því stórfurðulegt að jafna þessu máli við afrek, eins og Jón Steinsson gerir. Það er þetta mál ekki; nema þá afrek í klúðri.

### Neikvæð áhrif fyrir almenning

Lagasetningu um veiðigjöldin er ekki hægt að skoða eina og sér, eða í tómarúmi. Veiðigjöldin verðum við að skoða í samhengi við hið órjúfanlega samhengi þeirra við breytingarnar sem ríkisstjórnin boðar um stjórn fiskveiða. Samantekin áhrif hinnar fyrirhuguðu fiskveiðilöggjafar eins og við sáum áformin birtast okkur í frumvarpsformi sl. vor eru: Minni arðsemi og lakari sjávarútvegur. Sem aftur leiðir svo auðvitað til þess að heildarafrakstur sjávarútvegsins verður verri og geta greinarinnar til þess að standa undir fjárfestingu, launum og sérstökum greiðslum til ríkisins, þar með minni.

Í fiskveiðistjórnarfrumvarpinu er kveðið á um sérstaka kvótaleigu ríkisins. Vera kann að slík hugmynd hugnist Jóni Steinssyni ekki illa. En hvað segir hann þá um það fyrirkomulag sem ríkisstjórnin vill hafa á þessu? Frumvarpið kveður á um gríðarlega miklar valdheimildir til handa ráðherra. Hann getur hagað leigukvótaviðskiptunum nokkurn veginn eftir eigin höfði. Hann má ákveða magnið sem kemur til leigu, hvenær það kemur á leigumarkaðinn, hverjir fái að bjóða í, hvort skipta skuli leiguheimildunum á milli landssvæða, skipagerða, veiðarfæra og svo framvegis. Er það þetta fyrirkomulag sem Jón Steinsson telur að ríkisstjórnin hafi ekki verið lofuð maklega fyrir?

### Sjálfstætt efnahagsvandamál

Ríkisstjórnin hefur haldið sjávarútveginum í heljargreipum óvissu. Það eitt og sér hefur tafið alla uppbyggingu í efnahagsmálum okkar og er þar með orðið fyrir löngu sjálfstætt efnahagslegt vandamál. En nú erum við að fara úr öskunni í eldinn. Þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur gert á veiðigjaldalöggjöfinni og hyggst gera á fiskveiðilöggjöfinni eiga það sameiginlegt að hafa skaðvænlegar afleiðingar í för með sér fyrir sjávarútveginn, valda gjaldþrotum, draga úr hagkvæmni og þar með heildarafrakstri þjóðarbúsins. Á því munu allir tapa.

# Landspítalinn og Hringbraut

Skipulagsmál
Hjálmar Sveinsson
varaformaður skipulagsráðs



Óli Kristján Ármannsson blaðamaður skrifaði í ritstjórnargrein helgarútgáfu Fréttablaðsins að Landspítalinn ætti ekki heima í miðbænum, þar sem hann er nú. Óli Kristján vill heldur hafa hann í útjaðri byggðarinnar; jafnvel uppi á Hólmsheiði eða á Vífilsstaðatúni fyrir ofan Garðabæ. Hann telur að það sé arfavitlaus meinloka að hafa væntanlega nýbygginguna Landspítala Háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Ég er ósammála þessari skoðun og tel að það væri óðs manns æði að byggja upp nýjan spítala frá grunni fyrir utan borgina. Það yrði óheyrilega dýrt og gerði það að verkum að nánast enginn af hinum fjölmörgu starfsmönnum spítalans kæmist í vinnuna nema á einkabíl. Sú ráðstöfun yrði til þess að gera Reykjavík að enn meiri bílaborg en hún er.

Hringbrautarlóðin liggur betur en nokkur önnur hugsanleg spítalalóð við umferðinni í borginni. Þar mætast tvær meginumferðaræðar: Bústaðavegur/Snorrabraut og Miklabraut/Hringbraut. Þar að auki liggja átta strætisvagnaleiðir um Hringbraut. Þær eru hvergi fleiri í borginni.

Það sem meira er, Strætó hefur tekið þá stefnu, í samvinnu við borgina, að gamla BSÍ leysi Hlemm af sem meginskiptistöð fyrir strætó auk þess sem þar verði samgöngumiðstöð. Reykjavík hefur undanfarna áratugi þróast sem borg fyrir bíla. Borgarstjórnin sem nú er vill vinda ofan af þeirri þróun og gera Reykjavík að borg fyrir fólk. Í drögum að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Reykjavík 2010 til 2030, sem nú er verið að leggja lokahönd á, er gert ráð fyrir að hlutfall þeirra sem fari einir í bíl á leið sinni um borgina fari úr því að vera 75% í 58%. Það mun draga úr umferðarálagi í borginni og um leið úr hávaðamengun og slysahættu.

En til að þetta markmið verði meira en orðin tóm, eins og stundum hefur gerst, þarf að fylgja stefnunni eftir. Annars verður Reykjavík áfram borg fyrir bíla. Óli Kristján telur það harkalegt og hæpið að láta stúdenta og starfsmenn Háskólans og Landspítalans borga fyrir öll bílastæðin sem þeir nota. Ég tel það bæði nauðsynlegt og sjálfsagt. Í dag fara 60% stúdenta við Háskóla Íslands einir á einkabíl í skólann. Það á sinn þátt í mikilli umferð á Miklubraut. Það er fáránlegt. Hvað fyrirhugaða byggð í Vatnsmýrinni varðar má heita öruggt að í nýju aðalskipulagi verður staðið við fyrri áætlanir um að flugvöllurinn fari þaðan í tveimur áföngum árin 2016 og 2024.






# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## NESTI FYRIR DAGINN

**Það felst í því heilmikill sparnaður að taka með sér nesti í vinnu og skóla auk þess sem minni líkur eru á því að löngun í sætindi geri vart við sig. Tínið til hnetur, fræ, þurrkaða ávexti, epli, appelsínur, gulrætur, banana og annað sem er til í skápunum og gangið glöð út í daginn.**




Eirberg

Styrkur – jafnvægi – liðleiki

Æfingaboltar sissel

Verð: 2.980 kr.

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Bikini

Tankini

Sundbolir

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is



GLÆSILEGUR BAÐFATNAÐUR

teg Adelphi - í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á **kr. 9.550,-** 3 tegundir á buxum fást í stíl.

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Opið frá 10-18 virka daga.

10-14 laugardaga

Vertu vinur



friendtex

Nýji listinn frá Friendtex er kominn

Kíktu á úrvalið á www.friendtex.is

Pantaðu Friendtex partý í síma 568 2870

Opið mán. – föst. kl. 11–18

Lokað á laugardögum

Boníto ehf. Friendtex,

Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




# ÁSTIN EFST Í HUGA

**INNSÆIÐ VEIT SVARIÐ** *Spámiðillinn Hrönn Friðriksdóttir geymir lykil sem opnar innsæi. Hún segir virkt innsæi hjálpa fólki við helstu ákvarðanir lífsins.*

Andlegur áhugi Íslendinga hefur alltaf verið mikill en jókst enn frekar eftir hrun,“ upplýsir Hrönn sem fór fyrst að spá fyrir löndum sínum um aldamótin 2000.

„Ég hef síðan verið spurð hvort ekki sé erfiðara að spá eftir að kreppan skall á en sannleikurinn er víðs fjarri. Starfið var mun strangara þegar „góðærið“ stóð sem hæst og fólk spurði í ákafa: „Hvar er nýja vinnan mín, nýi bíllinn, húsið og heimsreisan?“ Í dag eru ástamálin efst í huga fólks, enda er ástin sterkasta aflið og öll viljum við gefa og þiggja.“

Í kvöld hefst vetrarstarf þróunarhópa sem Hrönn hefur haft umsjón með undanfarin sex ár. Þróunarhópar eru opnir öllum þeim sem vilja þroska sig og fræðast um andleg mál.

„Ég fæ oft spurninguna: „Hef ég nóga næmni til að fara í þróunarhóp?“ Svarið er einfalt; það geta allir lært að auka næmni og virkjað innsæi sitt.“

Hrönn segir mikið skorta á að nútímafólk láti innsæið ráða þegar kemur að stórum sem minni ákvörðunum lífsins.

„Að hafa virkt innsæi og kunna að hlusta á það hjálpar í öllu sem við gerum, hvort sem það er að kaupa bíl eða stofna til nýrra kynna við ókunnugt fólk. Ef við fáum eitthvað slæmt á tilfinninguna eigum við að treysta innsæinu og hlusta á innri varnaðarorð. Annars skapast hætta á að það endi ekki vel,“ segir Hrönn.

Þróunarhópar Hrannar samanstanda af byrjendahópum og hópum fyrir reyndara fólk í andlegum málum.

„Þátttakendur eiga sameiginlegt að vilja þroska sig og verða betri manneskjur. Flestir eru mjög áhugasamir um andleg mál þótt þeir séu ekki endilega í tengslum við sjötta skilningarvit sitt. Margir hafa leitað inn á við eftir erfiða lífsreynslu og allir geta lært að tengjast sjálfum sér, virkjað innsæi sitt og orðið að betri manneskjum,“ segir Hrönn.

Hún segir þátttakendur vera frá tvítugu upp í sjötugt og gott að hafa breiðan aldurshóp sem skapi skemmtilegar umræður og mikið flæði.

„Markmiðið er að fólki líði betur og finni til meira öryggis. Árangurinn lætur ekki á sér standa og virkilega gaman og gefandi að sjá hvernig fólk breytist og blómstrar þegar það tekur ákvarðanir sem breyta lífi þess til hins betra.“

Í hópunum er tekist á við margvísleg verkefni, þar á meðal hugleiðslu.

„Flestum kemur á óvart hversu auðvelt er að ná tökum á hugleiðslu en hún er afar styrkjandi. Í henni nær maður að hlusta á sjálfan sig, finnur hvers maður er megnugur og hvað maður vill.“

Að sögn Hrannar koma miðilsstörf ekki við sögu fyrr en hjá elstu hópunum.

„Að verða góður sjáandi krefst mikillar þolinmæðisvinnu og er ekki öllum eiginlegt. Sama á við um heilun og spádóma,“ segir Hrönn sem vísar engum á dyr þótt aðsóknin sé góð.

„Ég legg áherslu á að mynda traust og að allir geti tjáð sig. Vinnan þarf að vera uppbyggileg og jákvæð og traust kemur með því að læra að treysta sjálfum sér. Í hópunum nær fólk einstaklega vel saman og þar myndast mikil væntumþykja, hlýhugur og samkennd.“

Áhugasamir geta haft samband við Hrönn í síma 861 2505 eða í gegnum netfangið hronn@spamidill.com.

thordis@365.is

**HVAÐ SEGIR KÚLAN?** Hrönn er landsþekktur spámiðill og hefur meðal annars spáð fyrir landi og þjóð um áramót. Hún segir flesta sem byrja í þróunarhópum halda áfram enda skemmtilegt og krefjandi í senn. MYND/GVA

## HLUSTUM Á INNRI VARNAÐARORÐ

„Ef við fáum eitthvað slæmt á tilfinninguna eigum við að treysta innsæinu og hlusta á innri varnaðarorð. Annars skapast hætta á að það endi ekki vel,“


iittala

Gjöf handa þér og þínum

Tékk KRISTALL www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# KARLARNIR OG KÚLURNAR

**HAUSTGOLF** *Karlmenn með krabbamein keppa á golfmóti í Mosfellsbæ í dag. Verkefninu er ætlað að styrkja þá og efla um leið og þeir læra íþróttina.*

Krabbameinsfélag Íslands og þrjú aðildarfélög þess, Framför, Góðir hálsar og Kraftur, standa fyrir verkefninu Karlarnir og kúlurnar í dag. Um er að ræða golfmót ætlað karlmönnum sem greinst hafa með krabbamein. Markmið verkefnisins er að gefa karlmönnunum kost á því að styrkja sig og leika sér með því að æfa golfsveifluna í fallegu umhverfi, njóta samvista við golffélaga og læra eitthvað nýtt eða viðhalda fyrri færni.

Ásdís Káradóttir, hjúkrunarfræðingur hjá ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, segir karlmenn hafa brugðist hratt og vel við og fljótt hafi verið uppbókað. „Þetta er í fyrsta skiptið sem við höldum svona viðburð fyrir karlmenn sem greinst hafa með krabbamein. Þeir voru fljótir að taka við sér enda varð fljótt uppbókað. Tólf karlar komast að í þetta skiptið og er þátttakan þeim að kostnaðarlausu. Markmiðið er síðan að halda þetta árlega hér eftir." Hún segir Krabbameinsfélagið leggja áherslu á hreyfingu og matarræði og verkefnið sé liður í því en ekki síður snúist það um að vera í góðum og gefandi félagsskap.

Hópurinn verður fyrst tekinn í golfkennslu þar sem golfkennarinn og íþróttafræðingurinn Karl Ómar Karlsson kennir hópnum rétta handtökin. Auk hans verður Steinar B. Aðalbjörnsson, matvæla- og næringarfræðingur, með fræðslu fyrir hópinn um mataræði, hreyfinguna og nestið sem golfarar þurfa að huga að fyrir leik og í honum sjálfum. Ásdís segir hópinn góða blöndu af nýliðum og spilurum með reynslu. „Þetta verður bara skemmtilegt. Þótt hópurinn sé blandaður með tilliti til getu þá sníðum við þetta að getu hvers og eins. Svo er spáin bærileg enda alltaf gott veður í kringum okkur." Spilað verður í Bakkakoti í Mosfellsbæ og hefst mótið kl. 12 í dag.

■ starri@365.is





**UPPSELT** Áhuginn á mótinu var mikill að sögn Ásdísar Káradóttur, hjúkrunarfræðings hjá Krabbameinsfélaginu. Markmiðið er að halda mótið árlega. MYND/ANTON BRINK





ENSKUSKÓLI ERLU ARA

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.
Við bjóðum upp á: 10 getustig með áherslu á tal. Styrkt af starfsmenntasjóðum.
**Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com**
Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.




**Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga.**

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




**Hita- og svitakóf er oft fylgikvilli breytingarskeiðs kvenna**

Chello hefur bætt líðan fjölda kvenna á þessu annars frábæra tímaskeiði.
Chello er náttúrulegt efni og fæst í þremur tegundum:



**Grænn** án Soja
**Rauður** fyrir konur yfir fimmtugt
**Blár** fyrir konur undir fimmtugt

Chello fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna
MEZINA
www.gengurvel.is
PRENTUN.IS

KONJAK
VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?
Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálftíma fyrir máltíð




Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna




Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"

**Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.**



# TVEIR NÝIR STAÐIR Í IÐUHÚSINU

**NÝTT OG FERSKT** *Á dögunum opnuðu tveir nýir veitingastaðir hlið við hlið í Iðuhúsinu Lækjargötu 2. Þetta eru Soya-Sushi Makibar og Adesso Crêpes & súpubar. „Nýr valmöguleiki fyrir miðbæjargesti,“ segir Elís Árnason.*

Eigendur staðanna eru matreiðslumeistararnir Elís Árnason og Ívar Unnsteinsson. Þeir hafa staðið vaktina í hamaganginum og eru ánægðir með útkomuna.

Soya-Sushi Makibar býður upp á þá nýbreytni í sushi-framreiðslu að gestir geta valið sjálfir innihald maki-bitanna sem þeir kaupa.

Á Adesso Crêpes & súpubar er boðið upp á súpur og crêpes, og er í raun nokkurs konar crêpes-útibú frá Café Adesso í Smáralind.

„Leifur Welding á heiðurinn að hönnun beggja staðanna sem eru hinir glæsilegustu, en hann hefur komið að hönnun margra flottustu veitingastaða miðbæjarins.

Staðirnir tveir eru samliggjandi svo hægt er að ganga á milli þeirra sem er einkar hentugt ef margir eru í hóp, þá geta sumir fengið sér sushi en aðrir crêpes. Svo situr fólk hvorum megin sem það vill,“ segir Elís ánægður.

**SAMLIGGJANDI SALIR**
Staðirnir Adesso Crépes & súpubar og Soya-Sushi Makibar eru samliggjandi og hægt að ganga á milli þeirra sem er einkar hentugt ef fólk er ósammála um hvað skuli borða. „Hægt er að sitja hvoru megin sem er.“





# VELDU ÞITT EIGIÐ SUSHI

SOYA
SUSHI / MAKIBAR
IÐUHÚSINU - LÆKJARGÖTU - 2 HÆÐ

***Soya-Sushi Makibar kynnir*** *Matsölustaðurinn Soya-Sushi Makibar var opnaður nýverið í Iðuhúsinu, Lækjargötu 2. „Algjör nýjung í matarvali fyrir gesti og gangandi í miðbænum,“ segir Ívar Unnsteinsson, matreiðslumeistari staðarins.*

Soya-Sushi Makibar er algjörlega ný hugmyndafræði í framreiðslu á sushi þar sem viðskiptavinurinn velur sjálfur það hráefni sem honum þóknast í maki-rúlluna.

**ÞITT ER VALIÐ**
„Við bjóðum nær eingöngu upp á maki-rúllur, sem er vinsælasta tegund sushi í heiminum. Hægt er að velja úr yfir fimmtíu tegundum til að búa til drauma-sushi-rúlluna sína. Hvort sem viðskiptavinurinn vill lax, kóríander, kókoslauf, chili, lárperu eða annað þá velur hann það sjálfur,“ segir Ívar.

Þannig er komið til móts við þarfir hvers og eins enda smekkur fólks mismunandi. „Sumir fá reyndar valkvíða, eða þekkja ekki hvaða tegundir passa vel saman. Fyrir þá erum við með tilbúnar rúllur og komum til með að bjóða upp á matseðil til að auðvelda þeim valið.“

**HAGSTÆÐ VERÐ**
Með því að bjóða nær eingöngu upp á maki-rúllur er verðið lægra en gengur og gerist. „Það er í raun keypt ein, eða hálf rúlla og aðeins greiddar 186 krónur fyrir hvern bita. Einnig erum við með sérstakar krakkarúllur. Hvort sem ætlunin er að fara á rómantískt stefnumót, halda fjölskylduboð eða halda veislu fyrir stærri hópa þá er Soya Makibar einstaklega hagkvæmur kostur.“

**NÝ HUGMYNDAFRÆÐI**
Hugmyndin að Soya Makibar er fengin frá Bandaríkjunum þar sem þessi gerð sushi-staða hefur verið að ryðja sér til rúms síðan 2008. Hún byggir á því að viðskiptavinurinn fær valdið í sínar hendur og býr til sitt eigið sushi. „Við tökum ekki við pöntunum heldur hugmyndum frá fólki og framkvæmum þær. Þannig verður hver sushi-rúlla einstök þar sem viðskiptavinurinn er algjörlega við stjórn.“ Nánari upplýsingar um staðinn og matseðil má sjá á www.soyamakibar.is.





# FRÁ SMÁRALIND Í MIÐBÆINN

***Adesso Crêpes & súpubar kynnir*** *Veitingastaðurinn Adesso Crêpes & súpubar er nokkurs konar crêpes-útibú frá veitingastaðnum Café Adesso í Smáralind.*

Elís Árnason hefur rekið Café Adesso í Smáralind í rúm níu ár þar sem boðið er upp á crêpes. „Fólk hefur komið langar leiðir til að fá sér crêpes í Smáralind, enda erum við með glæsilegan matseðil. Því fannst okkur tilvalið að gefa fólki færi á sömu réttum í miðbænum,“ segir Elís.

**PRÝÐILEGAR PÖNNUKÖKUR**
Crêpes eiga rætur sínar að rekja til Frakklands þar sem má finna slíka staði í hverjum bæ. Crêpes eru ekki ósvipaðar íslenskum pönnukökum nema í stað rjóma, sultu og sykurs er sett ýmislegt annað hráefni; kjöt, grjón, grænmeti, ostur og fleira. Á matseðli er hægt að velja um 12 mismunandi tegundir af crêpes. „Hvort sem fólk kýs grænmeti eða kjöt, eða hvort tveggja ætti það að finna eitthvað við sitt hæfi. Að sjálfsögðu er svo hægt að bæta við því sem hver og einn vill. Einnig eru eftirréttacrêpes mjög vinsæl, með ávöxtum, ís og rjóma.“

**HÁDEGISVERÐARTILBOÐ OG SÚPA**
Á Adesso Crêpes & súpubar er boðið upp á tilboð í hádeginu á milli 11 og 14 alla virka daga fyrir 1.290 krónur. Í framtíðinni stendur til að vera daglega með tvær gerðir af súpum í boði. Crêpes-matseðilinn má nálgast á www.adesso.is.

ADESSO
crepes & súpubar
IÐUHÚSINU - LÆKJARGÖTU - 2 HÆÐ



# FYRSTI ISO VOTTAÐI UMBOÐSAÐILI ERLENDS TRYGGINGAFÉLAGS

**SPARNAÐUR EHF KYNNIR** *Sparnaður er ráðgjafarfyrirtæki sem hefur sett sér það markmið að hjálpa fólki að ná árangri í fjármálum. Sparnaður fer nýjar leiðir í ráðgjöf og veitir aðstoð við að greiða niður skuldir og auka eignamyndun og fjárhagslegt öryggi viðskiptavina.*

Sparnaður fékk í lok maí formlega staðfestingu á því að fyrirtækið uppfyllir ISO-9001:2008 gæðastaðalinn frá alþjóðlega vottunaraðilanum DQS. Sparnaður er fyrsti aðilinn á Íslandi sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru vegna staðalsins af umboðsaðilum erlendra tryggingafélaga á Íslandi og eitt fárra slíkra fyrirtækja í Evrópu. „Undirbúningur að þessu ferli hófst árið 2010 og markviss vinna við að ná stöðlunum hófst um mitt ár 2011. Bæði starfsfólk Sparnaðar og þýska fyrirtækisins Versicherungskammer Bayern, sem er samstarfsaðili okkar, hafa lagt mikla vinnu í að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að fá þennan gæðastaðal. DQS, sem er alþjóðlegur vottunaraðili og stærsti aðilinn í ISO-vottun, veitti okkur þennan gæðastimpil," segir Gestur B. Gestson, framkvæmdastjóri Sparnaðar.

Gestur segir ISO-vottunina merkilegan áfanga en með henni hafa allir ferlar verið vottaðir. „Ferlar sem varða þjónustu við viðskiptavini, skráningu samninga, skráningu breytinga á samningum, skráningu kvartana og einfaldlega allir ferlar sem snúa að allri bakvinnslu hjá Sparnaði hafa hlotið vottun. Þetta gerir það að verkum að öryggi eykst, bæði fyrir viðskiptavini og starfsmenn. ISO-900-vottunin hefur mikla þýðingu fyrir Sparnað, starfsfólk fyrirtækisins, viðskiptavini og samstarfsaðila. Staðallinn tekur til gæðamála á öllum sviðum starfsemi Sparnaðar í tengslum við ráðgjöf, þjónustu og utanumhald gagnvart viðskiptavinum."

Fyrirtækið Sparnaður var stofnað árið 2002 og hóf samstarf við Versicherungskammer Bayern árið 2007. „Samstarfið hefur eflst gríðarlega með árunum og við finnum fyrir því að Íslendingar hafa tekið þessu þýska tryggingafélagi fagnandi og sækja mikið í lífeyristryggingar þess." Sparnaður, í samstarfi við þýska fyrirtækið, er með virka starfsmenntaáætlun þar sem kunnátta og hæfni starfsfólks er mæld. „Prófanir á starfsfólki eru gerðar tvisvar á ári þar sem starfsfólk þarf að þreyta próf og standast þau til þess að geta boðið lífeyristryggingar Bayern Líf eins og þýska fyrirtækið er kallað. Við erum eina fyrirtækið á þessum markaði sem gerir þetta. Í prófunum er farið út í regluverkið í Þýskalandi og hér á landi og skattalagaumhverfið hér þannig að fólk þarf að vera vel að sér. Við erum alltaf að reyna að gera Sparnað að faglegra fyrirtæki og viljum vera fremstir á þessu sviði hvað varðar gæði og kröfur. Nýjasti áfanginn í því ferli er ISO-vottunin."

„Með þessari vottun getum við veitt áreiðanlegri og markvissari þjónustu, tekið á mistökum, gætt fagmennsku og aukið gæði þjónustu okkar. Fólk er til dæmis með samninga um lífeyrisréttindi til framtíðar og vill vita að allt fari almennilega fram. Það vill ekki bara að borga inn í einhvern sjóð og vita ekki hvað er í gangi. Með þessari vottun getum við sýnt fólki fram á að það sé öruggara hjá okkur. Erlendir aðilar frá DQS koma hingað til að taka út starfsemina og það er ákveðið öryggi fyrir viðskiptavini fólgið í því. Fjöldi annarra fyrirtækja sem sjá um lífeyrissparnað hér á landi hafa ekki jafn virkt eftirlit með ferlum sem snúa að samningum og við höfum," segir Gestur.

Sparnaður býður einnig upp á ráðgjöf fyrir einstaklinga varðandi tryggingar og uppgreiðslu lána. „Fólk nær árangri í fjármálum með því að greiða niður lán og leggja til hliðar. Við veitum fólki ráðgjöf varðandi uppgreiðslu skulda sem hefur verið að aukast. Einnig veitum við almenna ráðgjöf, förum yfir skuldavandamál og semjum hugsanlega við kröfuhafa. Það er ansi oft sem hægt er að búa sér til svigrúm og hagræða í heimilisrekstri og við hjálpum fólki við það."




**GÆÐAVOTTUN** Gestur, framkvæmdastjóri Sparnaður, segir ISO-vottun sem fyrirtækið hefur fengið auka öryggi bæði viðskiptavina og starfsmanna fyrirtækisins mikið. MYND/VILHELM

## GÆÐASTJÓRNUNARKERFI SPARNAÐAR

**ÞAR ER LÖGÐ ÁHERSLA Á:**

- Að uppfylla væntingar viðskiptavina.
- Að þekkja þarfir viðskiptavinarins og taka mið af sjónarmiðum hans.
- Veita áreiðanlega en markvissa þjónustu.
- Vera upplýsandi í öllum samskiptum við viðskiptavini.
- Hvernig tekið er á því sem aflaga fer, brugðist við og lært af því.
- Fylgjast með árangri fyrirtækisins um fagmennsku, þjónustugæði og aðra lykilþætti sem tengjast árangri.

# TÓLF RÁÐ TIL AÐ HALDA UM AURANA

***Sparnaður*** *Krónurnar í launaumslaginu geta farið fljótt og ef hugur fylgir ekki máli fara fögur áform um sparnað fyrir lítið. Til að leggja fyrir í hverjum mánuði þarf gott skipulag. Eftirfarandi sparnaðarráð voru lauslega þýdd af síðunni www.wikihow.com.*

**1. EYDDU ÚTISTANDANDI SKULDUM**
Reiknaðu út hversu stór hluti tekna þinna fer í skuldir í hverjum mánuði. Því fyrr sem hægt er að greiða upp útistandandi skuldir er hægt að leggja peningana til hliðar. Þá er gott að losna við vaxtagreiðslur af skuldum.

**2. SETTU ÞÉR MARKMIÐ**
Reiknaðu út hversu háa upphæð þarf til að kaupa eitthvað ákveðið og settu þér markmið. Hversu mikið þarf til dæmis að leggja fyrir til að eiga fyrir nýjum tölvuleik, eða fyrir útborgun á húsnæði? Hversu mikið þarf til að hafa það reglulega gott á efri árum?

**3. SETTU ÞÉR TÍMARAMMA**
Settu dagsetningar á markmiðin sem þú ætlar að ná. Mikilvægt er að tímaramminn sem þú setur þér sé raunhæfur. Annars er líklegra að áætlunin fari út um þúfur.

**4. REIKNAÐU ÚT HVE MIKIÐ ÞÚ ÞARFT**
Taktu saman alla hluti sem þú þarft eða þig langar að safna fyrir og reiknaðu út hversu mikið þarf að leggja fyrir. Einfaldast er að leggja sömu upphæðina fyrir reglulega.

**5. SKRÁÐU NIÐUR ÚTGJÖLD**
Skráðu nákvæmlega niður allt sem þú kaupir í einn mánuð. Skiptu því niður í flokka, til dæmis; húsaleiga, bíllinn og svo framvegis. Þannig færðu yfirsýn á eyðsluna.

**6. SKERÐU NIÐUR**
Eftir mánuð eða tvo skaltu skoða vel í hvað peningarnir þínir fara. Forgangsraðaðu upp á nýtt og skilgreindu óþarfa. Reiknaðu út hversu mikið hægt er að leggja fyrir á einu ári þegar óþarfanum er sleppt.

**7. ENDURSKOÐAÐU MARKMIÐIN**
Þegar þú hefur fengið yfirsýn yfir eigin eyðslu, hverju má sleppa og hversu mikið sparast við það, sérðu hvort raunhæft er að öll markmið náist. Þú gætir þurft að endurskoða og setja þér ný markmið.

**8. SETTU ÞÉR EYÐSLURAMMA**
Þegar þér hefur tekist að koma jafnvægi á tekjur og útgjöld með tilliti til þeirra markmiða sem þú settir þér skaltu ákvarða upphæð á viku eða mánuði sem þú mátt eyða.



**KRÓNUR Í KRUKKU** Gott ráð er að eyrnamerkja ákveðna upphæð ákveðnum útgjaldalið og setja í glæra krukku. Þannig sést vel hversu hratt lækkar í krukkunni. NORDICPHOTOS/GETTY

**9. LEGGÐU KREDITKORTINU**
Greiddu fyrir allt með peningum. Þannig færðu betri tilfinningu fyrir stöðunni á reikningnum þínum. Þú gætir einnig eyrnamerkt ákveðna upphæð fyrir ákveðna hluti eins og: bensínpeningar, matarpeningar og svo framvegis og komið fyrir glærum krukkum. Þannig geturðu fylgst vel með hversu hratt lækkar í krukkunni.

**10. OPNAÐU SPARNAÐARREIKNING**
Auðveldara er að halda utan um sparnaðinn ef peningarnir eru lagðir inn á sérstakan reikning. Skoðaðu vel hvernig vaxtakjör eru í boði fyrir mismunandi reikninga.

**11. BORGAÐU ÞÉR FYRST**
Byrjaðu mánuðinn á að leggja til hliðar. Ef þú ætlar þér einungis að leggja það til hliðar sem eftir verður í lok mánaðarins gæti lítið orðið úr sparnaðinum.

**12. EKKI MISSA MÓÐINN**
Góðir hlutir gerast hægt. Það á eftir að koma þér á óvart hversu vel gengur að safna. Með því að halda þig við markmiðin gætirðu jafnvel orðið milljónamæringur.

## EKKI MISSA MÓÐINN

**Góðir hlutir gerast hægt**

***Með því að halda þig við markmiðin gætirðu jafnvel orðið milljónamæringur.***

# CERTIFICATE

This is to certify that the

**Sparnaður ehf.**

Holtasmári 1
201 Kópavogur
Ísland

has implemented and maintains a **Quality Management System**.

Scope:
Engaged as an insurance company representative.
Client-tailored consulting and other services in pension and insurance matters.

Through an audit, documented in a report, it was verified that the management system fulfills the requirements of the following standard:

## ISO 9001 : 2008

| | |
|---|---|
| Certificate registration no. | 501573 QM08 |
| Excerpt from Certificate Registration No. | 495412 QM08 |
| Date of certification | 2011-12-27 |
| Valid until | 2014-12-26 |

TGA-ZM-02-90

**DQS GmbH**

Michael Drechsel
Managing Director

Accredited Body: DQS GmbH, August-Schanz-Straße 21, 60433 Frankfurt am Main

## BÍLAR & FARATÆKI




NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 43 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. STG Rnr.251593.



HYUNDAI I30 classic. Árgerð 2010, ekinn 58 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. stg Rnr.251595.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**TILBOÐ 1.280.000.-**
NISSAN TERRANO SPORT DÍSEL. Árgerð 2003, ekinn aðeins 154.þ km, 5 gírar, lítur sérstaklega vel út, er á staðnum. Verð áður 1.480.000.- Tilboð 1.280.000.- Rnr.340163. Sími:562-1717.



**OFURTILBOÐ 1.490.000.-**
FORD E150 ECONOLINE FERÐABÍLL. Árgerð 2003, ekinn aðeins 119.þ km, bensín, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð áður 2.390.000.- Tilboð 1.490.000.- Rnr.245647. Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**ÚTSALA !**
TOYOTA LANDCRUISER 150 GX árg 06/2012 ek 11 þ.km verð 9690 ! Okkar verð 9350 !!!!



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai árg 06/2011 ek 29 þ.km Bíll á frábæru verði verð 4.590 ! Okkar verð 3950 !!!!



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai árg 06/2011 ek 29 þ.km Bíll á frábæru verði verð 4.590 ! Okkar verð 3950 !!!!



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai+2 árg 07/2012 ek 5 þ.km Flottur jepplingur nývirði 5990 ! okkar verð 5190 !!!!



HONDA CBR 1000 RR. Árgerð 2009. Ekinn 18 Þ.KM. Verð kr. 1.530.000.



MMC MONTERO LIMITED. Árgerð 2007. Ekinn 72 Þ.KM. 33" breyttur, DVD, 1 eigandi. Verð kr. 2.690.000.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**VANTAR BÍLA Á SKRÁ**
**www.br.is**

bilfang.is S. 567 2000



**ÚTSALA !**
Hyundai IX35 GLS árg 06/2011 ek 28 þ.km Flottur jepplingur nyvirði 5790 ! Okkar verð 4390 !!!!



**ÚTSALA !**
Nissan Qashqai + 2 (7 manna) 07/2012 ek 7 þ.km vel búinn jepplingur, glerþak ofl nyvirði 5990 Þús okkar verð 5190 !!!!



**ÚTSALA !**
Skoda Octavia Diesel 06/2012 6 gira Sparibaukur (4.5 l pr 100 km) nyvirði 3490 ! Okkar verð 3090 !!!!



**ÚTSALA !**
Hyundai I30 (NEW) 06/2012 bensin, 5 gira ek 13 þ.km (Nytt útlit) okkar verð 2890 þús !!!!!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



Ford Transit 9 manna Dísel Árgerð 2010, ekinn 52þ.km, bsk. Bíll eins og nýr! Verð 3.990þ m/VSK og gjöldum. Verð til leigubílst. 3.390þ (v/ niðurfellingar). Raðn 132779.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Land Cruiser 90 VX, árgerð 2001, common rail, diesel, ekinn 193.000, sjálfskiptur, leður. Verð kr. 2.190.000. Uppl. í síma 897-5315.

## 0-250 þús.



**Góður station 210þús !**
Suzuki Baleno árg.'98 ek. 176þús sjálfssk. krókur, góður bíll sem eyðir engu. Verð 210þús Uppl. s. 866 9274

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 325þús !**
Opel corsa árg. 2001 beinsk. 1,2 5/dyra ekinn 146 þúsund. Verð 325 þús. Góður bíll. Uppl. gsm 8682352.



**TILBOÐ 490.000**
Skoda Octavia 1,6 árg '01 . Ek.189 þ.km SK. '13 Aðeins bein sala s.6154349



**YARIS SPARIBAUKUR!**
**TILBOÐ 380 ÞÚS!**
TOYOTA YARIS árg' 2000 ek.200 þús, skoaðaður 2013, 3ja dyra, 5 gíra beinskiptur, svartur með spoiler og álfelgum, góður bíll sem eyðir nánast engu eða um 5,0 l/100 km, ásett verð 450 þús TILBOÐ 380 ÞÚS! s.841 8955

## Bílar óskast

**0-250 staðgreitt**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Óska e.að kaupa M. Benz frá árg.1980-2000. Uppl.í s.866 0471

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



**RAFMAGNS REIÐHJÓL**
**Samgöngutæki framtíðarinnar.**
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Vinnuvélar



Til sölu JCB 3CX árg 2006 notkun 3.400. klst verð 6,3+ vsk vél í topp standi uppl, s:892-0566 eða bygg@internet.is



Til sölu FH Faresin 11.35 árg. 2008. Notkun 180 klst. skófla og gafflar fylgja. Verð 7.5m.+ vsk. Upplýsingar s. 892-0566 eða bygg@internet.is

## Bátar



17 feta SEGLSKÚTA m.lyftikjöl ásamt seglum-kerru-mótor. Er í Snarfarahöfn. Tilboð yfir 700 þ. skoðuð. steinig@hs.is

## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.




**Kebek vetrardekk**
185/55 R 15 13.900 kr. 195/65 R 15 13.900 kr. 205/55 R 16 15.900 kr. 205/60 R 16 16.900 kr. 215/60 R 16 19.500 kr. 205/50 R 17 19.900 kr. Kaldasel ehf Dalvegur 16 b 201 Kópavogur s. 5444333

## Varahlutir




**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Regnbogalitir**
**Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald






Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. S: 772 8100

## Barnið




## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, opið 9-17, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S:823 5669 eða 693 0348.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.



**Maxi Cosi Tobi 9-18kg Barnabílstóll**
Æðislegur barnabílstóll til sölu. Notaður af einu barni. Verð 28þús Uppl. s. 663 3313

Ísskápur til sölu, hálfur frystir og hálfur kælir, verð 50þ. S. 823-7527

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Frystigámur óskast**
40ft frystigámur óskast, má vera beyglaður enn gangfær. Uppl. s. 897 1731

## Vélar og verkfæri

DeWalt veltisög óskast. Sími 895-9415.

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Svörtu og vínrauðu þunnu peysurnar komnar. Pantanir óskast sóttar. Kjólar frá EIK design. Mikið af nýjum vörum Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679




Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

# HEIMILIÐ

## Gefins

Tveir litlir sætir klettlingar fást gefins fæddir 20. maí. Upplýsingar í síma: 6124494.

## Dýrahald



Þessi Cornish Rex köttur er týndur. Ef þið finnið hann látið okkur vita í s. 663-7387 eða 772-7401. Við grátbiðjum ykkur að skila honum því við elskum hann með öllu okkar hjarta.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 18. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Stúdíóíbúð**
Nýlega 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 63 þ. S. 824 6692.

## Húsnæði óskast

Einstæð móðir utanaf landi með 1 barn óskar eftir 2-3 herb. íbúð á ekki meira en 110þ. á mán. Reyklaus, reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. S. 822-2186

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Workers**
**I need workers for outside work.**

**Good payment for good men. For more infomation call 696 6676**

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 696 0558.**

**Góð íslenskukunnátta! Góð aukavinna eða aðalvinna á kvöldin.**
Getum enn bætt við okkur traustum starfsmanni í símasölu frá kl. 17.00-22.00 - 2-5 kvöld vikunnar. frá ca. 35+ ára Þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 milli kl. 14.00 og 16.00 Kristín

Starfsmaður óskast á hjólbarðaverkstæði í Kópavogi Helst vanur. Uppl. Í s. 8201070

Okkur vantar starfsfólk, íslenskumælandi, hjá fyrirtæki í matvælaframleiðslu í Hafnarfirði. Umsóknir sendist á svavar@gunnars.is

## Fasteignir

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
Fákafeni 9, 108 Reykjavík



### Nýlegt iðnaðar- og lagerhúsnæði.

Til sölu 345 fm. iðnaðarhúsnæði í Miðhellu og Selhellu Hafnarfirði. Hentar vel fyrir heildsölur eða hvers kyns starfsemi sem þarf góðan lager og snyrtilega móttöku og bílastæði fyrir viðskiptavini. Á jarðhæð eru 258,6 fm. opinn salur með mest ca. 7 m. lofthæð. Innkeyrsluhurð sem er ca. 4,5 m. á hæð. Milliloft er 86,4 fm. Húsið er járnklætt að utan. Uppistöður eru úr límtré bitum. Niðurföll eru við innkeyrsludyr í sal. **Ásett verð frá 38,2 - 41,9 millj.**

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Kristinsson löggiltur fasteignasali s. 861-0511.**



### Bíldshöfði - verslunarhúsnæði

Til sölu vel staðsett verslunarpláss við Bíldshöfða í Reykjavík. Verslunin er um 202 m² að stærð með góðum gluggum og nægum bílastæðum. Í verslunarplássinu er steinteppi á gólfum, ný uppgert eldhús og bað fyrir starfsfólk. Sér lagerhurð er til staðar ásamt lagerrými. Laust strax. **Verð 31,9 millj. Ekkert áhvílandi.**

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Kristinsson löggiltur fasteignasali s. 861-0511.**



### Lager í kjallara, hagstætt leiguverð

Til leigu 450 fm. lagerrými í kjallara í Fákafeni, 108 Reykjavík. Hægt að aka sendiferðabílum niður í kjallarann. Innkeyrsluhurð ca. 3,20 m á hæð. Lofthæð ca. 3,5 m. Sprinkler kerfi. Salerni innan rýmis. Hagstætt leiguverð. VSK bætist við leiguverðið. Farið fram á 3ja mánaða tryggingu í formi bankaábyrgðar.

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Kristinsson löggiltur fasteignasali s. 861-0511.**

### Vantar 150 – 250 fm. verslunarhúsnæði í 108 eða 105

Traustur aðili leitar að verslunarhúsnæði í kringum Skeifusvæðið í Reykjavík. Til greina koma kaup eða leiga til 5 -10 ára.

**Ef þú ert með slíkt húsnæði á lausu, hafðu þá samband við Magnús Kristinsson löggiltan fasteignasala s. 861-0511.**

534 1020
www.atvinnueignir.is




SJÓNVARPSSTÖÐIN **ID: INVESTIGATION DISCOVERY** ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

## Þjónusta

*Góð slökun bætir heilsuna* **Dáleiðsla.is**

## Atvinna

ICEWEAR ICELAND

www.icewear.is

# Lagerstarfsmaður

Icewear, óskar eftir að ráða starfsmann á lager og útkeyrslu. Í starfinu felst m.a. tiltekt pantana, móttaka á vörum og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi.
Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skal senda á netfangið: icewear@icewear.is og agust@icewear.is fyrir 20. sept

**Um Icewear:** Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyrirtækið þróað útvistarlínu sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurprjón er alfarið í eigu Drífu ehf.

**Dýraríkið leitar að starfsfólki í heils dags, hluta og helgarstörf**

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á dýrum og góða þjónustulund.

Vinsamlegast sendið umsóknir með feril skrá á dyrarikid@dyrarikid.is

## Fasteignir

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

### SELVOGSGRUNNUR 12. RVK.

**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG.**




Um er að ræða mjög góða 70 fm. 2ja enda íbúð á 2. hæð í fallegu húsi með suður svölum. Íbúðin er heldur stærri að grunnfleti þar sem hún er að hluta undir súð. **Ath. stuttur afhendingartími. Petra s: 6912341 tekur á móti áhugasömum milli kl. 18-19.**

búmenn

**Búmenn hsf**
**Húsnæðisfélag**
**Klettháls 1**
**110 Reykjavík**
**Sími 552 5644**
**Fax 552 5944**
**bumenn@bumenn.is**
**www.bumenn.is**

### BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

**Búseturéttur á markaðsverði**

**Ferjuvað 11 í Reykjavík**

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 91 fm að stærð. Íbúðin er á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi með lyftu. **Ásett verð er kr. 4.4 millj. og mánaðargjöldin eru um 132.000.-.**
Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.



Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 14. september n.k. Tilboðsfrestur er til 21. september n.k.

**Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.**

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Smáraflöt 4 – Garðabæ

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**




Fallegt 202,6 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 42,0 fm. bílskúr sem hefur verið nokkuð endurnýjað á undanförnum árum, m.a. gler, þakjárn, gólfefni o.fl. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, rúmgott eldhús, samliggjandi bjartar stofur með arni, þrjú svefnherbergi ( 4 á teikn.) á svefngangi, fataherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi o geymslur innaf forstofur. Húsið var málað að utan fyrir 2 árum síðan, sem og gluggar. Ræktuð skjólsæl lóð með verönd og fallegum trjám og plöntum. **Verð 56,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**






FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD

# STYRKIR TIL SKIPULAGS OG HÖNNUNAR ÁFANGASTAÐA FYRIR FERÐAMENN

**Ferðamálastofa auglýsir eftir umsóknum um styrki til skipulags á áfangastöðum fyrir ferðamenn sem ekki eru í eigu eða umsjón ríkisins.**

Um er að ræða 3 - 4 styrki að upphæð allt að kr. 3 milljónir. Um getur verið að ræða þarfagreiningu, stefnumótunar-, skipulags- og hönnunarvinnu. Ath. ekki er um framkvæmdastyrk að ræða.

*Lögð er áhersla á heildaryfirbragð áfangastaðar þar sem staðarvitund og vistvæn nálgun eru sett í öndvegi.*

**Umsóknarfrestur:**
Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2012. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar. Styrkþegar verða kynntir á Ferðamálaþingi 22. nóvember 2012.

**Við undirbúning umsóknar skal hafa eftirfarandi í huga:**

1. Afurð verkefnisins skal vera heildarskipulag, hönnun og framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn.
2. Skilyrt er að um sé að ræða áfangastaði sem eru opnir almenningi og að aðgengi allra verði tryggt sem frekast er kostur.
3. Að jafnaði getur styrkur ekki numið hærri upphæð en 75% heildarkostnaðar.
4. Við yfirferð umsókna er tekið mið af markmiðum ferðamálaáætlunar 2011-2020, sjálfbærnisjónarmiða, nýnæmis o.fl.
5. Við hönnunina skal horft til áherslna Ferðamálastofu er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga sem koma m.a. fram í "Menningarstefnu í mannvirkjagerð", leiðbeiningarritinu „Góðir staðir" og „Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum".
6. Við mat á umsóknum er horft til gæða og trúverðugleika umsóknar.

**Allar umsóknir skulu innihalda:**

a. Verkefnislýsingu og framtíðarsýn sem lýsir hugmyndinni með rökstuddum og skýrum hætti.
b. Kostnaðar- og verkáætlun.
c. Skriflegt samþykki allra landeigenda og/eða umsjónaraðila.
d. Afrit af gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi ef við á frá viðkomandi sveitarfélagi.
e. Afstöðumynd sem sýnir hvernig verkefnið fellur að gildandi aðalskipulagi ef það er til staðar.
f. Önnur gögn sem styrkt geta umsókn.

**Hverjir geta sótt um:**
Einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

**Hvar ber að sækja um:**
Umsóknareyðublöð og nánari lýsingu er að finna á www.ferdamalastofa.is.

Nánari upplýsingar veitir Elías Bj. Gíslason, elias@ferdamalastofa.is eða í síma 535-5510.

Hönnun: PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Iceland | Sími/Tel +354 535 5500 | Fax +354 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Iceland | Sími/Tel +354 535-5510 | Fax +354 535 5501


Sena kynnir
Elly Vilhjálms
Minningartónleikar 13. október
HEIÐURSGESTIR
Raggi Bjarna, Jón Páll Bjarnason og Guðmundur Steingrímsson
MIÐASALA HEFST EFTIR
2
DAGA
ALLAR HELSTU SÖNGKONUR LANDSINS SAMANKOMNAR Á EINUM STAÐ
ÁSAMT STÓRSKOTALIÐI KARLSÖNGVARA, HRYNSVEIT, BLÁSURUM OG STRENGJASVEIT
Á GLÆSILEGUM STÓRTÓNLEIKUM Í HÖLLINNI
ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON
ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNNIR MARGRÉT BLÖNDAL LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON
www.sena.is/elly
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN KL. 10.00 Á MIÐI.IS
sena

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AGNAR ÞÓRÐARSON** rithöfundur (1917-2006) var fæddur þennan dag.
*„Sá sem ekki kann að gera sér lífið dásamlegt kemst aldrei neitt áfram í veröldinni.“*

## KRISTINN R. ÓLAFSSON: ÚTVARPSMAÐUR OG RITHÖFUNDUR ER SEXTUGUR

# Er sjálfsagt íhaldshrútur í mér



**KRISTINN R. ÓLAFSSON** Þótt hann sé Eyjapeyi kveðst hann hafa erft meira bændablóð en sjómanns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er Kristinn R. Ólafsson í Madrid,“ er setning sem margir Íslendingar hafa alist upp við að heyra reglulega á eftir kjarnyrtum pistlum fréttaritara Ríkisútvarpsins á Spáni. Nú er Kristinn fluttur heim á klakann og sestur að vestast í Vesturbæ Reykjavíkur. Þar gustaði hressilega um hann í gær. „Þó það gæti nú oft verið kalt í Madrid þá var ekki svona ofsarok þar. En það tekur því ekki að fara í fýlu yfir því,“ segir hann og ber sig vel.

Kristinn er sextugur í dag. Hann er fæddur og uppalinn í Eyjum, hálfbróðir Ása í Bæ en þó hann sé Eyjapeyi kveðst hann hafa erft meira af bændablóði en sjómanns.

Tuttugu og tveggja ára hélt Kristinn til Spánar að læra spænsku. „Ég var latínugráni í menntaskóla, langaði að læra eitthvert rómanskt mál og spænskan er heimstunga. Ég var kominn suður á Spán haustið 1974, sem sagt áður en Frankó lagði upp laupana, þannig að ég lifði tímana tvenna. Það hefur orðið mikil breyting þessa hartnær fjóra áratugi sem ég hef búið þar.“

Orðið „hartnær“ er gott dæmi um fremur óalgeng íslensk orð sem Kristni leika á tungu þrátt fyrir fjarlægð við föðurlandið í áratugi. „Já, ætli það sé ekki líkt með mig og Vestur-Íslendinga, að mér sé fornt málfar tamara en nýtt? Ég er náttúrulega Suður-Íslendingur, heimfluttur,“ segir Kristinn hlæjandi þegar haft er orð á þessu. „En svo hef ég starfað við það frá 1981 að vera Íslendingur og senda pistla frá Spáni, er sjálfsagt svona íhaldshrútur í mér að vilja halda þessum þræði.“

Ekki kveðst Kristinn hafa lifað á „RÚV-inu“ einu saman síðustu áratugi. „Ég kenndi ensku í einkatímum í tólf ár og hef fengist við þýðingar og fleiri ritstörf. Svo hef ég sinnt fararstjórn á Spáni og víðar við Miðjarðarhaf, fer væntanlega tvær ferðir nú í október með Íslendinga.“ En af hverju flutti hann heim? „Við getum sagt að hjartað hafi dregið mig heim til Íslands. Ég er sem sagt ástfanginn af íslenskri konu.“ gun@frettabladid.is

---



✝

Minningarathöfn vegna eiginkonu, móður, systur og ömmu,

**EDDU LARSEN KNÚTSDÓTTUR**

verður í Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 14. september kl 14.00.

**F. h. aðstandenda,**
**Ásgeir Sölvason**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EVA ÚLFARSDÓTTIR LÍNDAL**

lést á líknardeild Landspítala föstudaginn 7. september 2012. Útförin verður auglýst síðar.

**Þórhildur Líndal** **Eiríkur Tómasson**
**Jón Úlfar Líndal**
**Björn Líndal** **Sólveig Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**EINARS INGIMUNDARSONAR**
**Brekkubraut 13, Keflavík.**

**Árnína Hildur Sigmundsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Snorri S. Skúlason**
**Sigmundur Einarsson** **Margrét Kjartansdóttir**
**Inga Einarsdóttir** **Þórarinn E. Sveinsson**
**Valborg Einarsdóttir** **Stefán Sæmundson**
**Valdemar Einarsson** **Sif Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**SIGRÚN EINARSDÓTTIR**
**frá Ísafirði,**

lést föstudaginn 7. september 2012 á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 15. september 2012 kl. 14.00.

**Þuríður Yngvadóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Auður Yngvadóttir** **Skúli Berg**
**Einar Ágúst Yngvason** **Emelía Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR TÓMASSON**
**frá Reynifelli, Rangárvöllum,**

andaðist þann 29. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

**Ástríður Hanna Sigurðardóttir**
**Tómas Sigurðsson** **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Guðrún Helga Eggertsdóttir** **Jóhann G. Þórarinsson**
**Gunnhildur Tómasdóttir**
**Guðrún Hlín Tómasdóttir**
**Írena Rún og Ásta Sylvía**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR ÁGÚSTSDÓTTIR**
**Hrafnistu Hafnarfirði,**
**áður til heimilis að Miðvangi 14,**

lést 5. september á Landspítalanum.
Útförin fer fram fimmtudaginn 13. september kl. 13.00 frá Víðistaðakirkju.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Guðmundarsjóð Sundfélags Hafnarfjarðar (bankanúmer: 0327-13-300310 kennitala: 640269-2789).

**Ólafur Guðmundsson**
**Erling Ólafsson** **Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Ingibjörg Svala Ólafsdóttir** **Björgvin J. Björgvinsson**
**Örn Ólafsson** **Kristín Jensdóttir**
**Friðrik Ágúst Ólafsson** **Erna Snævar Ómarsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir** **Hilmar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir og afi,

**INGÓLFUR VOPNI INGVASON**
**Hrísbraut 2a, Höfn,**

lést af slysförum 3. september. Útför hans fer fram frá Hafnarkirkju fimmtudaginn 13. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarfélag Hornafjarðar.

**Birna R. Aðalsteinsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HEIÐAR ÞÓRÐARSON**
**Gullengi 9,**
**áður Lækjarhvammi 4, Búðardal.**

lést 4. september sl. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 12. september kl.13.00.

**Bára Aðalsteinsdóttir**
**Þórður Heiðarsson** **Fjóla Borg Svavarsdóttir**
**Sigurbjörg Heiðarsdóttir** **Borgar Axelsson**
**Heiðbjört Bára, Axel Þór, Þór Ísak, Bára Freydís.**

---



✝

Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,

**BIRGIR PÁLL GYLFASON**
**Jónsgeisla 45,**

sem lést 25.08 verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. september kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem sem vilja minnast hans er bent á Unicef á Íslandi.

**Gylfi Jónsson** **Hildur Hanna Ásmundsdóttir**
**Jóhannes Már Gylfason** **Lára Hrund Bjargardóttir**
**Jón H. Guðmundsson** **Hrafnhildur Matthíasdóttir**

---



✝

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**NÍELS FRIÐBJARNARSON**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði föstudaginn 7. sept. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólöf Margrét Ólafsdóttir** **Jón Torfi Snæbjörnsson**
**Guðrún Þóranna Níelsdóttir** **Sigurður Kjartan Harðarson**
**Friðbjörn Níelsson**
**afa- og langafabörn.**

---

## Merkisatburðir

**1967** Síldarleitarskipið Árni Friðriksson kemur til landsins.

**1973** Herinn, undir forystu Augustos Pinochets herforingja, rænir völdum í Síle.

**1976** Fjölbrautaskóli Suðurnesja er settur í fyrsta skipti.

**2001** Hryðjuverkaárás á sér stað í Bandaríkjunum er tveimur þotum er flogið á Tvíburaturnana í New York og einni á Pentagon í Virginíu.

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR HELGASON**
**húsgagnabólstrari,**
**Lautasmára 1,**
**áður Laugateig 8, Reykjavík.**

sem lést á Dvalarheimilinu Skjóli laugardaginn 1. september verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 14. september kl. 13.00.

**Guðbjörg Þórarinsdóttir**
**Helgi Gunnarsson** **Linda Ósk Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF MAGNÚSDÓTTIR**
**Hvassaleiti 56,**

lést sunnudaginn 9. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Magnús R. Jónasson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Sigurrós Jónasdóttir** **Ólafur G. Flóvenz**
**Elín Jónasdóttir**
**Eggert Jónasson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar og afa,

**JÓNS GUNNARSSONAR**
**Álfaskeiði 64, Hafnarfirði.**

**Sigurrós Kristjánsdóttir**
**Þóroddur Friðrik Gísli Jónsson**
**Kristrún Hanna Ingibjartsdóttir**
**og afabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**. Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

EINFALT OG AUÐVELT!

AUKA-
KÍLÓIN
FJÚKA!

„Skýr og aðgengileg
leið að bættum matar-
venjum, aukinni vellíðan
og færri aukakílóum.“

ALMA MARÍA RÖGNVALDSDÓTTIR,
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
OG ÞRÍÞRAUTARKONA




**Útgáfufagnaður**
í Eymundsson
Austurstræti
**í dag kl. 17.**
Allir velkomnir!

DYNAMO REYKJAVÍK

# MARGREYND AÐFERÐ
## SEM VIRKAR!

***Ásgeir Ólafsson hefur í starfi sínu undanfarin 20 ár sem þjálfari og næringarráðgjafi hér heima og erlendis þróað Léttu leiðina, og þannig hjálpað fjölda fólks til betra lífs.***

Einfalt og aðgengilegt heilsubótarkerfi sem skilað hefur frábærum árangri. Aukin vellíðan og léttari líkami til frambúðar á aðeins sex vikum – án þess að þurfa að breyta um lífsstíl!

VERÖLD

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** ólæti, **8.** gerast, **9.** tjara, **11.** í röð, **12.** eggjarauða, **14.** hroki, **16.** tímabil, **17.** hlóðir, **18.** smátt lausagrjót, **20.** frá, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** plat, **3.** klaki, **4.** hjara, **5.** prjónavarningur, **7.** aðdragandi, **10.** sönghópur, **13.** raus, **15.** illmenni, **16.** keraldi, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** at, **8.** ske, **9.** bik, **11.** rs, **12.** blómi, **14.** dramb, **16.** ár, **17.** stó, **18.** möl, **20.** af, **21.** ugla.
**LÓÐRÉTT: 1.** gabb, **3.** ís, **4.** skrimta, **5.** les, **7.** tildrög, **10.** kór, **13.** mas, **15.** bófi, **16.** ámu, **19.** ll.




## Auglýsing til bæjar- og sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013.

Með auglýsingu þessari vill ráðuneytið gefa bæjar- og sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2012/2013, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Bæjar-/sveitarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnar-umdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013 er til 28. september 2012. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.
Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:

1. Minni byggðarlög (viðmiðun er 2.000 íbúar þann 1. desember 2011), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnum niðurstöðuna.
Ráðuneytið hefur gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2012/2013, nr. 629, 13. júlí 2012 og reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2012/2013, nr. 628, 13. júlí 2012 og eru bæjar- og sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið*


# R-O-K

**BAKÞANKAR** Erlu Hlynsdóttur



Ég er ekki tilbúin fyrir þetta strax," hugsaði ég og dæsti. Nei, ég var ekki að hugsa um hjónaband og aldeilis ekki um að greiða meira í séreignarlífeyrissparnað. Ég var að hugsa um nákvæmlega það sama og allir aðrir Íslendingar í gærmorgun: Veðrið.

**VEKJARAKLUKKAN** hringdi klukkan 7.20. Ég heyrði gnauðið í vindinum aðeins of vel og ýtti á „snooze". Fimm mínútum seinna ýtti ég aftur á „snooze" og dró sængina upp fyrir haus. Klukkan var að verða átta þegar ég gerði upp hug minn: Það er ekki skynsamlegt að ýta oftar en fimm sinnum á „snooze" sama morguninn.

**FLESTA** mánudagsmorgna hittumst við nokkrar vinkonurnar og drekkum kaffi áður en við mætum til vinnu. Ég var dauðfegin, og hvort eð er allt of sein, þegar ég loksins drattaðist á fætur og sá skilaboð á Facebook-síðu klúbbsins: „Erum við að nenna út í þetta veður? Ég er pínu á því að kúra áfram." Svörin sem höfðu borist áður en ég vaknaði voru öll á sama veg: „Kúra!"

**NÆSTU** skref dagsins voru að koma blessuðu barninu á leikskólann. Meira að segja frumburðurinn var með hlutina á hreinu: „Ekki fara út." Við heyrðum enn of vel í vindinum. Mér tókst samt loks að koma henni út úr húsinu: „Rok úti," sagði hún áhyggjufull og greip í hettuna sína til að halda henni á meðan við löbbuðum út í bíl. Ég lét kuldagallann fylgja með og tilkynnti leikskólakennaranum sérstaklega hvað ég hefði komið með hlý föt. Hún tilkynnti mér á móti: „Ef það verður áfram svona mikið rok þá verðum við kannski bara inni." Mikið öfundaði ég þau.

**MÉR** tókst að halda mig innandyra alveg fram að hádegi í vinnunni. Þá neyddist ég til að fara í ullarkápuna mína til að komast yfir í mötuneytið sem er í næstu byggingu. Starfsfélagi minn fór yfir í dúnúlpunni sinni. Ég gladdi hann með þeirri staðreynd að héðan í frá þyrftum við alltaf að fara í úlpum í hádegismat. Sama hvað ég reyndi tókst mér ekki að finna neitt gleðilegt við daginn. Þegar ég las fréttir um að bíll hefði fokið í Hnífsdal og þakplötur fykju í borginni ákvað ég að hætta að berjast og hugsaði með mér: „Vertu velkominn vetur." Stundum þarf bara að gefast upp.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur **frá 5.390.000 kr.**
# FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur **frá 6.290.000 kr.**

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi akstursseiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**39.477 kr./mán.***

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

# menning
menning@frettabladid.is

**STEFNUMÓT VIÐ ELDGOS** Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur fjallar um eldgosalist á mánaðarlegu stefnumótakaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á miðvikudagskvöld. Haraldur hefur um langt skeið safnað fjölbreyttum listaverkum sem sýna eldgos. Á Stefnumótakaffinu mun hann meðal annars segja frá rannsóknum sínum á tengslum á milli túlkunar listamanna og eldgosanna sjálfra. Dagskráin hefst klukkan 20 og stendur til klukkan 22. Aðgangur er ókeypis.


HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

## Hallveig Rúnarsdóttir í Salnum á morgun

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona flytur íslensk þjóðlög við undirleik Jónasar Ingimundarsonar í Salnum á morgun. Þetta eru aðrir tónleikar haustsins í tónleikaþrennunni Íslenskt? Já takk! en í henni er blaðað í safni íslenskra sönglaga.

Á tónleikum Hallveigar verða meðal annars fluttar Barnagælur Jórunnar Viðar, Ísland farsælda frón og Sofðu unga ástin mín eftir Karl Ottó Runólfsson og Vísur Vatnsenda-Rósu eftir Jón Ásgeirsson.

Hallveig hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og er virkur óratoríusöngvari hér á landi. Á einsöngstónleikum sínum hefur hún jafnan lagt áherslu á ljóðasöng. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.30.

# FULLKOMNUN Í HINU ÓFULLKOMNA

Leikhús ★★★★☆

**Dýrin í Hálsaskógi**

Höfundur: Thorbjörn Egner. Þýðing: Hulda Valtýsdóttir. Ljóðaþýðingar: Kristján frá Djúpalæk. Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir. Helstu hlutverk: **Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson, Jóhann G. Jóhannsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.**

Þjóðleikhúsið

Byrjum á því mikilvægasta, lesandi góður: Farðu á Dýrin í Hálsaskógi! Farðu fyrir barnið í sjálfum þér og farðu með þau börn sem þér standa næst. Það verður skemmtilegt síðdegi og þið eigið eftir að koma syngjandi heim.

Verk Thorbjörns Egner segja flóknar sögur á einfaldan hátt og eiga það sameiginlegt að fjalla um svo dásamlega gallaðar persónur að maður fyllist endurnýjaðri ást á mannkyninu við það eitt að kynnast þeim.

Ágústa Skúladóttir fær snúið verkefni í Dýrunum í Hálsaskógi. Hún þarf að halda í gamalkunnugar hefðirnar, jafnframt því að setja sinn eigin svip á verkið. Og þennan meðalveg gengur henni nokkuð vel að feta. Fjörið er mikið og hjartað í verkinu kemst til skila.

### Amma utangátta

Lilli klifurmús og Mikki refur eru leiknir af Ævari Þór Benediktssyni og Jóhannesi Hauki Jóhannessyni. Lilli Ævars er viðfelldinn náungi, raunar svo viðfelldinn að maður skilur mætavel af hverju dýrin umbera hann þótt hann sé bæði latur og sjálfumglaður. Jóhannes spilar upp flónsku refsins, enda er næg innistæða fyrir þeirri lögn í handritinu. Það dregur hins vegar allnokkuð úr hættunni sem stafar af rebba og maður hefur betur fundið í öðrum uppfærslum.

Marteinn skógarmús er skrítin skepna í þessari sýningu. Klæddur eins og miðaldra sérvitringur, hjákátlegur í háttum af óljósum orsökum. Jóhann G. Jóhannsson efldist þó nokkuð í síðari hlutanum þegar Marteinn sjálfur varð sterkari á svellinu.

Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur Ömmu mús og í þeirri túlkun verður dálítið slys. Ólafía syngur raunakvæðið um stöðugan óttann við að vera étinn eins og hverjar aðrar skemmtivísur. Þannig hverfur alveg vitundin um ógnina sem að lokum ofbýður Marteini og fær hann til að rísa upp gegn gildandi venjum í skóginum með alkunnri lagafrumvarpsgerð sinni.

Örn Árnason og Snorri Engilbertsson reka bakarí skógarins af miklum myndarskap og glaðnaði yfir salnum alltaf þegar þeir kumpánar komu inn á sviðið.

Orri Huginn Ágústsson og Guðrún Snæfríður Gísladóttir gæddu hjónin á bænum miklu (og nokkuð óvæntu) lífi. Miklar raddir þeirra féllu veiðisöngnum vel og búningar og leikmunir gerðu innkomu þeirra ógleymanlega.

Á sviðinu eru átta börn sem skapa tilfinningu fyrir lifandi samfélagi. Það var lyginni líkast hvað þessir ungu leikarar voru fimir, sjálfsöruggir og skemmtilegir. Gunnar Hrafn Kristjánsson geislaði í hlutverki Bangsa litla á frumsýningunni.

### Í hakkavélinni

Leikmynd Ilmar Stefánsdóttur samanstendur af fjórum trjám, einu í miðjunni sem er heimili hljómsveitarinnar og þremur sem standa á jaðri snúningssviðsins. Jaðartrén tengjast miðjutrénu með digrum bjálkum sem var svo kauðalegt að sjá að það var eins og að horfa ofan í matvinnsluvél á hreyfingu þegar sviðið fór af stað. Efst á miðjutrénu trónaði svo rauður plusssófi eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Aldrei fékkst tilfinning fyrir því að við værum stödd í stórum skógi því sjaldnast var nema lítill hluti leikmyndarinnar upplýstur í einu. Þetta var leiðinlegt því margir þættir hennar glöddu augað.

Leikgervi Maríu Th. Ólafsdóttur voru almennt mjög skemmtileg. Mikki refur minnir á Oscar Wilde, nýskriðinn upp úr ópíumgreni í ódannaðri hluta Lundúnaborgar og Elgurinn vakti mikla kátínu þar sem hann hökti á fjórum löngum fótum.

Tónlistin, undir stjórn Baldurs Ragnarssonar og Gunnars Ben., var vel flutt og skemmtileg, en verulega var tónlistarvalið sérkennilegt undir einræðum Mikka refs undir lok verksins.

Það er auðvelt að finna eitthvað að uppfærslu á Dýrunum í Hálsaskógi. Ekkert leikverk þekkir þjóðin jafnvel. En þó að einstök útfærsluatriði séu umdeilanleg er uppfærsla á þessu verki á þessum stað algjört sælgæti sem væri synd að missa af.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Kynslóðirnar gleðjast saman þegar gömul saga verður ný


**DÝRIN** Lilli er viðfelldinn í meðförum Ævars Arnar Benediktssonar að mati gagnrýnanda en flónska refsins, sem Jóhannes Haukur leikur, dregur nokkuð úr hættunni.


## Menntaskólinn við Hamrahlíð
www.mh.is

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

### STÖÐUPRÓF

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð 13. september kl. 16:00 í eftirfarandi tungumálum:

Albönsku, bosnísku, eistnesku, filippísku (tagalog og cebuano), finnsku, grísku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, slóvensku, taílensku, tékknesku, tyrknesku, Twi, ungversku, úkraínsku og víetnömsku.

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is/skolinn/exam/. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

### PLACEMENT TESTS

Placement tests (for Secondary School credit) will be held at Menntaskólinn við Hamrahlíð on September 13th at 4 pm in the following languages:

Albanian, Bosnian, Chinese, Croatian, Czech, Dutch, Estonian, Filipino (tagalog and cebuano), Finnish, Greek, Hungarian, Japanese, Lithuanian, Portugese, Polish, Russian, Serbian, Slovenian, Thai, Turkish, Twi, Ukranian and Vietnamese.

On-line registration takes place on the school website http://www.mh.is/skolinn/exam/. For more information call the school office tel. 595-5200. Everyone sitting the test must show an ID with a picture.

The fee, kr. 8000 per test, should be paid to the account of the Menntaskólinn við Hamrahlíð bank 323 – 26 – account no. 106, id. 460269-3509 before noon on the 13th. Please provide the name and identification number of the examinee when paying. Only those that have paid can sit the exam.

**Rektor.**



**VERÐLAUNIN VEITT** Ólína Þorvarðardóttir veitir Lars-Pele Berthelsen verðlaunin. Með þeim á myndinni er Josep Motzfeldt, formaður Vestnorræna ráðsins.

MYND/MAGNÚS HELGASON

## Barnabókaverðlaunin til Grænlands

Grænlenski rithöfundurinn Lars-Pele Berthelsen hlaut barnabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins 2010, sem veitt voru í Norræna húsinu á föstudag við setningu hátíðarinnar Nýja slóðir. Verðlaunin hlaut Berthelsen fyrir bókina Kaassalimik oqaluttuaq, ljósa barnið. Þetta er í fyrsta sinn sem Grænlendingur vinnur til barnabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins en þau hafa verið veitt annað hvert ár síðan 2002.

Tvær unglingabækur voru tilnefndar í ár, auk bókar Berthelsens: smásagnasafnið Skriva i sandin eftir Marjun Syderbø Kjelnæs frá Færeyjum og skáldsagan Með heiminn í vasanum eftir Margréti Örnólfsdóttur. Berthelsen hlýtur að launum 60 þúsund danskar krónur eða um 1,2 milljónir íslenskra króna. Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður og varaformaður Vestnorræna ráðsins, afhenti Berthelsen sigurlaunin.

Ljósa barnið er fyrsta unglingabókin sem Berthelsen skrifar. Bókin gerist á síðari hluta átjándu aldar og lýsir baráttu veiðimannasamfélagsins við grimma náttúru. Í umsögn dómnefndar segir að frásögnin sé spennandi og grípandi og gefi ungum lesendum góða innsýn í grænlenskan menningararf.




GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

# VINSÆLAR RAFBÆKUR Á EYMUNDSSON.IS

## 264.000 TITLAR Í BOÐI




Verð
789
krónur

### FIFTY SHADES OF GREY

Ein umtalaðasta og mest selda bók ársins.

**Skannaðu kóðann og keyptu bókina núna.**

### FRAMHALDIÐ AF FIFTY SHADES OF GREY




Verð
789
krónur




Verð
789
krónur

### HUNGURLEIKASERÍAN SEM HEFUR SLEGIÐ SVO RÆKILEGA Í GEGN




Verð
1.599
krónur




Verð
1.599
krónur




Verð
1.599
krónur

Verð miðast við dagsgengi GBP og geta breyst án fyrirvara.

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% vildarafsláttur líka á vefnum. Skráðu þig í Innskráning til að gera afsláttinn virkan.

Eymundsson
Bóksali frá 1872



**FRÁBÆR FRUMSMÍÐ** Ásgeir Trausti er bæði efnilegur lagasmiður og söngvari að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ÓSKABYRJUN Á FERLINUM

Tónlist ★★★★☆

**Ásgeir Trausti**
Dýrð í dauðaþögn

**Sena**



Ásgeir Trausti Einarsson er ungur tónlistarmaður sem hefur vakið mikla athygli undanfarna mánuði. Lagið hans Sumargestur sló í gegn eftir að það var frumflutt í Hljómskálanum í vor og lagið Leyndarmál sem hann sendi frá sér til að fylgja því eftir hefur líka náð miklum vinsældum.

Ásgeir Trausti er lærður í klassískum gítarleik, en hefur líka verið að semja og spila popp. Hann er meðal annars meðlimur í hljómsveitinni The Lovely Lion. Hann hafði samband við Kidda í Hjálmum í vor til þess að leyfa honum að heyra lögin sín og Kidda leist það vel á að hann dreif hann beint í Hljómskálann og stjórnaði líka upptökum á þessari fyrstu plötu Ásgeirs, Dýrð í dauðaþögn.

Lögin tíu á Dýrð í dauðaþögn eru eftir Ásgeir Trausta, en textarnir eru eftir pabba hans, Einar Georg Einarsson og vin, Júlíus Aðalstein Róbertsson. Tónlistin er þjóðlagaskotið popp sem einkennist af fallegum laglínum og söng Ásgeirs Trausta, en hann hefur háa og flotta rödd. Útsetningarnar eru nokkuð fjölbreyttar og mjög vel heppnaðar. Í sumum laganna eru forritaðir raftónlistargrunnar, en í öðrum er allt handspilað upp á gamla mátann. Það eru blásturshljóðfæri í nokkrum laganna. Þau setja sterkan svip, en einnig eru ásláttarhljóðfæraútsetningarnar á plötunni mjög flottar. Hljómurinn er sömuleiðis fyrsta flokks.

Það er ekki hægt að segja annað en að hinn ungi Ásgeir Trausti fái óskabyrjun á ferlinum. Hann er bæði efnilegur lagasmiður og söngvari, en að auki fékk hann tækifæri til þess að hljóðrita efnið sitt með mörgum af bestu hljóðfæraleikurum og upptökumönnum landsins. Útkoman er frábær frumsmíð. Það verður spennandi að fylgjast með Ásgeiri Trausta í framtíðinni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Hinn tvítugi höfundur lagsins Sumargestur á greinilega fullt af flottum lögum.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10(P) | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 8, 10.10 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| FROST LUXUS VIP | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | VIP |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND.. | KL. 5:50 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOLUTION | KL. 5:40 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 6 - 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

30 daga hreinsun á mataræði!



Með **DAVÍÐ KRISTINSSYNI** næringar- og lífsstílsþjálfara. Frábær leið til að byggja upp heilbrigðan lífsstíl án skyndilausna. Yfir 4000 íslendingar hafa farið í gegnum 30 daga hreinsun. ***Byrjaðu núna!***

**Miðvikudaginn 19. sept.**

**Námskeiðið er haldið í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5, kl. 19:30 - 21:30**
Innifalið er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill.
**Námskeiðsgjald aðeins kr. 5.500,-**
Nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.

www.heilsuhusid.is heilsuhúsið



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
**Bæjarbíói**

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.

**AKUREYRARKVIKMYNDIR**
Elsta kvikmyndin í syrpunni er frá konungskomunni 1907 en yngsta myndin sýnir þotu Flugleiða koma til Akureyrar í fyrsta sinn 1969. Þar á milli kennir ýmissa grasa: þjóðlífskvikmyndir frá árum heimsstyrjaldarinnar síðari, konungskoman 1926, myndskeið af séra Matthíasi Jocumssyni, forsetaheimsóknir, skipakomur.
Kvikmyndataka: Hallgrímur Einarsson, Eðvarð Sigurgeirsson og fleiri

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS



EIN SÝNING Á MÁNUÐI AÐ EIGIN VALI INNIFALIN AUK MARGSKONAR ANNARRA FRÍÐINDA!
bioparadis.is/klubburinn




**ÞRIÐJUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)** 17:20, 20:00, 22:40 ■ **ELLES (ÞÆR)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:10 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00, 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 11. september 2012**

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Gyðjan í stofu 101 í Odda. Myndin er frá árinu 1934 og er bæði svarthvít og þögul. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Málþing

**09.14** Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um mexíkóska rithöfundinn Elena Poniatowska. Ráðstefnan fer fram í Norræna húsinu og fer fram á ensku og spænsku. Í lok dagskrár ávarpar Poniatowska gesti ráðstefnunnar. Allir velkomnir.

### Tónlist

**20.00** Hljómsveitin Ghostigital kemur fram á tónleikaröðinni Kaffi, Kökur og Rokk og Ról í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Þetta eru fyrstu tónleikar vetrarins í röðinni þar sem í boði verða kaffi og kökur fyrir alla. Miðaverð er kr. 500.

**20.30** **Tríó Sunnu Gunnlaugs** spilar á næstu tónleikum jazztónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Svavar Knútur og gestir skemmta á Café Rosenberg.

### Fyrirlestrar

**12.05** Sólveig Ólafsdóttir heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Dísætur skortur - smávegis um sykur í sögunni. Fyrirlesturinn er hluti af hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands og fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Tekur við góðri beinagrind

„Hingað til hef ég verið Robin í þessu dæmi. Ætli ég sé ekki bara orðinn Hvell-Geiri núna?“ veltir Ágúst Már Garðarsson fyrir sér, en hann hefur tekið við umsjón tónleikaraðarinnar Kaffi, kökur og rokk og ról af blaðamanninum Arnari Eggerti Thoroddsen, sem nemur nú tónlistarfræði í Edinborg. Fyrstu tónleikarnir eftir sumarfrí fara fram í kvöld, að venju í Edrúhöllinni í Efstaleiti, klukkan 20 og stíga feðgar á svið í tveimur mismunandi sveitum. Captain Fufanu hefur leikinn með Hrafnkel Flóka Kaktus Einarsson í broddi fylkingar, en hann er einmitt sonur Einars Arnar Benediktssonar í Ghostigital sem leikur efni af nýjustu plötu sinni, Division of Culture & Tourism.

Tónleikaröðin hóf göngu sína fyrir ári og segir Ágúst, sem hefur verið Arnari Eggerti innan handar við skipulagningu, hana hafa verið tilraun sem tókst. „Það er í raun magnað að það hafi gengið upp að hafa edrú-tónleika svona snemma á kvöldin í miðri viku. Arnar Eggert hannaði mjög góða beinagrind sem ég tek nú við. Þessu fylgir töluvert stúss og ég er með fiðrildi í maganum en líður samt mjög vel með þetta,“ útskýrir Ágúst, en hans aðalstarf er sem kokkur á veitingastaðnum Satt á Hóteli Natura. „Ég hef verið viðloðandi tónleikahald frá því ég skipulagði reifin þegar ég var fimmtán ára, svo ég hef lært ýmislegt,“ bætir hann við. - kg



**REYNDUR** Ágúst Már Garðarsson er tekinn við sem umsjónarmaður edrú-tónleikaraðarinnar Kaffi, kökur og rokk og ról sem hefur göngu sína í kvöld eftir sumarfrí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# sport

sport@frettabladid.is



**STEFÁN LOGI MAGNÚSSON** var hetja íslenska landsliðsins þegar liðið spilaði síðast á Kýpur í mars 2011. Hann lék þá sinn fyrsta mótsleik með A-landsliðinu, varði víti á 20. mínútu og hélt markinu hreinu með frábærum leik. Hannes Þór Halldórsson hélt markinu hreinu í 1-0 sigri á Kýpur á Laugardalsvelli síðasta haust og íslenskir markverðir hafa nú haldið marki sínu hreinu í 305 mínútur í landsleikjum á móti Kýpur. Ísland hefur aldrei tapað á móti Kýpur, unnið 2 og gert 3 jafntefli.

# Verð svekktur ef við vinnum ekki

**Íslenska landsliðið í knattspyrnu mætir Kýpur ytra í dag en leikurinn hefst klukkan 17.00. Strákarnir fóru til Kýpur með þrjú stig í ferðatöskunni eftir sigur á Norðmönnum. Landsliðsþjálfarinn ætlar sér sigur í kvöld og segist ekki hafa neinar áhyggjur af því að strákarnir hafi ekki báða fætur á jörðinni.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hélt til Kýpur á sunnudagsmorgun eftir sigurinn frækna á Norðmönnum. Þar er liðið í gríðarlegum hita sem þarf að venjast og hafa æfingarnar því verið í auðveldari kantinum hjá Lars Lagerbäck landsliðsþjálfara.

„Hitinn er kannski ekki að drepa okkur þó svo við reynum að vera sem mest innandyra. Æfingarnar hafa að stórum hluta farið í endurheimt enda var ferðalagið líka langt,“ sagði Svíinn léttur í bragði á Kýpur í gær en leikurinn fer fram klukkan 20.00 að staðartíma og er búist við því að hitastigið þá verði í kringum þrjátíu gráður.

**Kári verður ekki með**

„Við höfum verið að fara yfir varnarleikinn hjá okkur þar sem Kári Árnason verður ekki með að þessu sinni vegna meiðsla og við þurfum því að breyta til þar. Við æfðum aðeins með Grétar og Eggert sem miðverði ef til kemur að frekari vandræði verði í þeirra stöðu,“ sagði Lagerbäck en Kári meiddist í leiknum gegn Norðmönnum.

Sölvi Geir Ottesen leysti hann af hólmi þá og gerði það með miklum ágætum og verður að teljast líklegt að hann komi inn í byrjunarliðið í kvöld. Þjálfarinn mun tilkynna liðið eftir morgunmat í dag og er ekki líklegt að frekari breytingar verði enda stóð liðið sig vel í síðasta leik.

Ísland á sjaldgæfan möguleika á því að vera með fullt hús eftir tvo leiki í undankeppni HM 2014 og yrði það byrjun sem fáa hefur líklega dreymt um.

Ísland var einnig með Kýpur í riðli í undankeppni EM 2012. Fyrri leik liðanna á Kýpur í mars á síðasta ári lyktaði með markalausu jafntefli en Ísland vann heimaleikinn, 1-0, en hann fór fram í september í fyrra.

Það var þar fyrir utan eini sigur liðsins í þeirri undankeppni. Það er því ljóst að íslenska liðið á góðan möguleika á því að næla í þrjú stig í kvöld.

**Þurfum að vera á tánum**

„Kýpverjar spila ekki ósvipað Norðmönnum. Þeir byrja kannski aðeins hærra á vellinum og eru mjög ákveðnir í sínum aðgerðum. Þeir nota mikið langar sendingar og eru með spræka menn á köntunum. Við þurfum því að vera á tánum,“ sagði Lagerbäck um kýpverska liðið.



KANN EKKI ÞJÓÐSÖNGINN ENN ÞÁ Lars Lagerbäck hlustar hér á íslenska þjóðsönginn fyrir leikinn á móti Noregi á föstudaginn en aðstoðarmenn hans, Heimir Hallgrímsson og Guðmundur Hreiðarsson, taka vel undir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Kýpur tapaði sínum fyrsta leik**

Kýpur tapaði fyrsta leik sínum í riðlinum á föstudag, 3-1, gegn Albaníu. Lengi vel var leikurinn jafn en Albanir skoruðu tvö mörk undir lokin og tryggðu sér sigur.

„Úrslitin gefa alls ekki rétta mynd af leiknum enda var Kýpur sterkara liðið í leiknum ef eitthvað er. Lukkan var aftur á móti ekki á þeirra bandi.“

Landsliðsþjálfarinn segir að uppleggið í leiknum verði að mörgu leyti það sama og gegn Norðmönnum. Það verði ekki mikið hróflað við því.

„Við munum sækja á svipaðan hátt og við vildum gera gegn Noregi og verðum áfram skipulagðir aftast á vellinum. Kýpverjarnir mæta særðir til leiks og vilja eflaust sýna sínu fólki hvað þeir geta.“

> Ég óttast það alls ekki að menn verði of góðir með sig.
>
> **LARS LAGERBÄCK**
> ÞJÁLFARI ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS

Lagerbäck er óhræddur við að segja að hann ætli sér sigur í leikjum og þessi leikur er þar engin undantekning.

„Ef við spilum ekki vel, erum slakara liðið en náum samt jafntefli verð ég eðlilega sáttur við stigið en auðvitað viljum við vinna. Ef við spilum okkar leik þá eigum við góðan möguleika á því að vinna. Ég verð því svekktur ef við náum ekki sigri hérna þó svo það sé erfitt að koma hingað.“

Svíinn segir andann í liðinu vera til fyrirmyndar og að sjálfsögðu skemmi það ekki fyrir að hafa komið til Kýpur með sigur í farteskinu. Hann óttast þó ekki að hið unga landslið fari fram úr sjálfu sér.

**Strákarnir mjög fagmannlegir**

„Strákarnir taka verkefnið alvarlega og hafa verið mjög fagmannlegir allt frá því við lögðum af stað í þetta ferðalag. Þeir hafa báða fætur á jörðinni og við erum búnir að ræða hversu mikilvægt það sé. Ég óttast það alls ekki að menn verði of góðir með sig. Strákarnir vita að við erum að fara að mæta liði sem kann að spila fótbolta og þeir verða með hausinn í lagi þegar flautað verður til leiks.“

**henry@frettabladid.is**



TVÆR YNGSTU FRÁ UPPHAFI Elín Metta, til vinstri, og Sandra María.

Elín Metta og Sandra María:

## Bættu met Margrétar Láru

**FÓTBOLTI** Elín Metta Jensen og Sandra María Jessen tryggðu sér um helgina markadrottningartitilinn í Pepsi-deild kvenna og settu um leið nýtt met því aldrei hafa yngri leikmenn orðið markahæstar í efstu deild kvenna. Báðir eru þær sautján ára gamlar og skoruðu hvor um sig átján mörk í átján leikjum í deildinni í sumar.

Þær stöllur bættu þar með báðar met Margrétar Láru Viðarsdóttur sem var átján ára gömul þegar hún varð markahæsti leikmaður úrvalsdeildar kvenna sumarið 2004. Margrét Lára skoraði þá 23 mörk í fjórtán leikjum með ÍBV. Margrét hafði þarna bætt tíu ára gamalt aldursmet Olgu Færseth um tíu mánuði en Olga varð markadrottning árið 1994.

Elín Metta spilaði 124 mínútur skemur en Sandra María í sumar og fær því gullskóinn en Sandra fær silfurskóinn í viðbót við það að verða Íslandsmeistari með Þór/KA.

Elín Metta er rúmum mánuði yngri en Sandra og eignast því auk gullskósins líka metið yfir yngstu markadrottningu úrvalsdeildar kvenna frá upphafi.

Það verður engin Margrét Lára í leikjunum við Norður-Íra og Norðmenn og því gæti íslenska landsliðið þurft að treysta á þessar ungu stelpur til að hjálpa liðinu að komast inn á EM næsta sumar. **- óój**

**Yngstu markadrottningar:**

| | |
|---|---|
| Elín Metta Jensen, Val 2012 | Nýtt met (17 ára - 6 mánaða - 7 daga) |
| Sandra María Jessen, Þór/KA 2012 | (17-7-21) |
| Margrét Lára Viðarsdóttir, ÍBV 2004 | (18-1-11) |
| Olga Færseth, Breiðablik 1994 | (18-11-3) |
| Margrét Lára Viðarsdóttir, Val 2005 | (19-1-10) |
| Margrét Ólafsdóttir, Breiðabliki 1995 | (19-2-2) |
| Ásta Benediktsdóttir, ÍA 1989 | (20-0-30) |
| Margrét Lára Viðarsdóttir, Val 2006 | (20-1-9) |
| Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Breið. 1981 | (20-3-8) |
| Ásthildur Helgadóttir, Breiðabl. 1996 | (20-4-11) |




ÞÚ TREYSTIR HONUM
EN GÆTI VERIÐ AÐ BARNIÐ ÞITT ÞEKKI HANN BETUR EN ÞÚ?
93% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þekkja gerandann*
Almenningsvitund er sterkasta vopnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
Upplýstir foreldrar vernda börn
www.blattafram.is


Íslenska karlalandsliðið í fótbolta getur fagnað sögulegum sigri á Kýpur í kvöld:

## Hefur aldrei unnið tvo fyrstu leikina

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið getur náð sögulegum árangri á Kýpur í kvöld þegar liðið mætir heimamönnum í öðrum leik sínum í undankeppni HM í Brasilíu 2014. Með sigri verður liðið með fullt hús eftir tvo leiki sem hefur aldrei gerst áður í sögu Íslands í undankeppnum HM og EM.

Þetta er fjórða undankeppnin sem íslenska landsliðið byrjar á sigri og í hin skiptin hefur íslenska liðið ekki fengið neitt út úr leik tvö.

Það voru liðin sex ár síðan íslenska landsliðið vann sinn fyrsta leik í undankeppni en það gerði liðið á Norður-Írlandi 2. september 2006 undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar. Íslenska liðið skoraði þá þrjú mörk á fyrstu 38 mínútunum og vann 3-0 sigur. Fjórum dögum síðar komu Danir í heimsókn á Laugardalsvöllinn en öfugt við leikinn í Belfast þá voru úrslitin nánast ráðin eftir rúman hálftíma. Danir komust yfir eftir aðeins fimm mínútur, bættu við öðru marki á 33. mínútu og unnu að lokum með tveimur mörkum gegn engu.



ALFREÐ FINNBOGASON

Sigurinn á Norðmönnum í Laugardalnum kom líka eftir langa bið eftir sigri í fyrsta heimaleiknum en því hafði íslenska landsliðið ekki náð í 22 ár, eða síðan liðið vann Albaníu 2-0 í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 1992. Íslenska liðið var líka á heimavelli í næsta leik í undankeppninni en sá leikur var reyndar spilaður þremur mánuðum síðar. Ísland tapaði þá fyrir Frökkum 1-2 eftir að hafa lent undir eftir aðeins tólf mínútur.

Ísland hefur aðeins einu sinni unnið sinn fyrsta leik í undankeppni HM en fyrir 28 árum vann liðið 1-0 sigur á Wales í fyrsta leik í undankeppni HM í Mexíkó 1986. Mánuði síðast mætti íslenska liðið á Hampden Park og varð að sætta sig við 0-3 tap.

Í öll þrjú skiptin hefur íslenska liðið því tapað eftir sigur í fyrsta leik og alltaf fengið á sig mark (eða jafnvel mörk) á fyrsta hálftímanum.

Íslenska liðið er þegar byrjað að útrýma leiðinlegum hefðum undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck og hver veit nema strákarnir afnemi þessa hefð á Kýpur í kvöld. **- óój**



**ÞETTA ER ALVEG EKTA** Jón Margeir Sverrisson sést hér með gullpeninginn veglega sem hann vann á Ólympíumóti fatlaðra í London. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Margeir Sverrisson og íslenski Ólympíuhópurinn fengu góðar móttökur í gær:

# Ef ég hef trú á því þá get ég það

**ÓLYMPÍUMÓT FATLAÐRA** Það var vel tekið á móti íslenska Ólympíuhópnum þegar hann kom til Íslands í gær eftir frábæra frammistöðu á Ólympíumóti fatlaðra. Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, Helgi Sveinsson og Kolbrún Alda Stefánsdóttir settu öll Íslandsmet en fremstur fór Jón Margeir Sverrisson sem vann gull í 200 metra skriðsundi.

Jón Margeir hafði í nógu að snúast enda vildu allir óska honum til hamingju og fá af honum mynd.

„Þetta er búin að vera frábær vika. Ég gleymi aldrei deginum sem ég vann gullið og ætla að passa upp á minninguna,“ sagði Jón Margeir, sem náði persónulegu meti í öllum þremur greinunum sem hann tók þátt í. En hvað með allar myndatökurnar?

„Þetta er stundum þreytandi en maður verður bara að venjast því. Það skiptir mig engu máli í hversu margar myndatökur ég þarf að fara í bara ef ég kemst lifandi heim,“ sagði Jón Margeir með sínum einstaka húmor og sýn á lífið. Hann passar upp á gullpeninginn sem er engin smásmíði. „Ég er varla búinn að sleppa honum og ég mun alltaf passa upp á hann,“ sagði Jón Margeir. Hann hefur metnaðarfull markmið fyrir ÓL í Ríó 2016.

„Ég er búinn að ákveða það að ná lágmörkunum fyrir ófatlaða í 1500 metra skriðsundi í Ríó og að fara á tvenna leika, fyrst á leikana hjá ófötluðum og svo á Ólympíumót fatlaðra,“ sagði Jón Margeir. En er þetta raunhæft markmið? „Ef ég hef trú á því þá get ég það,“ sagði Jón Margeir. - óój

Kristín Rós um Jón Margeir:

# Frábær strákur

**ÓL FATLAÐRA** Kristín Rós Hákonardóttir, margfaldur verðlaunahafi á Ólympíumóti fatlaðra, var í móttökusveitinni í gær þegar Jón Margeir Sverrisson kom heim eftir frábæra frammistöðu í London.

Kristín Rós endurupplifði sigra sína á ÓL þegar hún horfði á Jón Margeir vinna gullið. „Það var æðislegt að sjá þetta í sjónvarpinu. Þetta rifjaði upp gamlar minningar og ég fór næstum því að gráta,“ sagði Kristín Rós sem sjálf vann þrjú gull á ÓL fatlaðra 2000 og 2004.

„Hann er algjör orkubolti. Ég var að kenna honum einu sinni í gamla daga og það var mjög gaman. Ég hef fylgst með honum á mótum og það sást strax að þarna var bullandi efni,“ sagði Kristín Rós. „Það þarf aðeins að passa upp á hann og hjálpa honum að halda sér á jörðinni en þetta er alveg frábær strákur,“ sagði Kristín Rós að lokum. - óój



**ÞAU EFNILEGUSTU** Anna Sólveig Snorradóttir úr Keili og Ragnar Már Garðarsson úr GKG. MYND/GSÍMYNDIR.NET

Lokahóf Golfsambandsins:

# Ragnar og Anna valin efnilegust

**GOLF Golfsamband Íslands gerði upp golfsumarið á lokahófi sínu sem fram fór á laugardagskvöld í höfuðstöðum Eimskipafélags Íslands. Þar fengu kylfingar úr Eimskipsmótaröðinni, Arionbanka unglingamótaröðinni og Áskorendamótaröðinni stigameistaratitla og viðurkenningar fyrir árangurinn á mótaröðunum í sumar.**

**Hefð er fyrir því að velja efnilegustu kylfinga ársins. Að þessu sinni voru það þau Anna Sólveig Snorradóttir úr Keili og Ragnar Már Garðarsson úr GKG sem voru valin efnilegust. Anna varð stigameistari í stúlknaflokki 17-18 ára á Arionbanka mótaröðinni í sumar og í öðru sæti á bæði Íslandsmótinu í holukeppni og höggleik á Eimskipsmótaröðinni. Ragnar Már varð stigameistari í piltaflokki 17-18 ára og sigraði jafnframt í Íslandsmóti unglinga í höggleik.**

**Haraldur Franklín Magnús úr GR, Íslandsmeistari í höggleik og holukeppni, hlaut Júlíusarbikarinn en þann bikar hlýtur sá kylfingur sem leikur á lægsta meðalskorinu á Eimskipsmótaröðinni í ár.**

- óój



> **Stöð 2 kl. 20.30**

**Mike & Molly**

***Það er aldrei lognmolla hjá turtildúfunum Mike og Molly. Í þættinum sem Stöð 2 sýnir í kvöld gerir Mike illt verra þegar hann reynir fyrir sér sem sáttasemjari og freistar þess að koma á friði milli Molly og fjölskyldu hennar.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR HAR DET BRA

# *Skandinavía: Best í heimi!*



Mér er tjáð að þessi dálkur sé ekki sérstaklega til þess fallinn að rýna í skandinavíska dagskrárgerð fyrir sjónvarp. Né heldur var hann fundinn upp til að lofa eða lasta sérstaklega val dagskrárgerðarstjóra Ríkissjónvarpsins. Því vona ég að undirrituð nái að súmmera nægilega vel upp undanfarna sjónvarpsviku, sem hefur einkennst af fögrum hrynjanda og tali eins-og-maður-sé-með-kartöflu-í-kokinu, svo við getum haldið áfram og einbeitt okkur að uppköstum yfir amerísku sjónvarpi.
Sunnudagur: Við fylgjumst með dönskum Noregskonungi eftir kvöldmat og Ystad-búinn Kurt Wallander syngur okkur svo til svefns.
Mánudagur: Lokaþáttur Rejseholdet, sem tók við af fastagestunum í Borgen.
Þriðjudagur: Sænsk/danskur hryðjuverkamaður drepur fullt af fólki.
Miðvikudagur: Lögreglufulltrúinn Erik Winter leysir snúin sakamál í Gautaborg.
Fimmtudagur: Líf vorra sænsku vina.
Föstudagur (ef við erum heppin): Danskur fjöldamorðingi er stoppaður af löggum og geðlækni í „Dráparanum".
Laugardagur: Lestur góðrar bókar (norskur krimmi, helst ársgamall og endurlesinn).
Ystävällisin terveisin.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónlist hvíta tjaldsins **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **20.00** Leynifélagið **20.30** Frá Íslandi til tunglsins **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Lífsstarfið: Fortíð og framtíð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.00 Setning Alþingis** BEINT
**16.50 Landsleikur í fótbolta** (Kýpur-Ísland) BEINT frá leik karlaliða í forkeppni HM.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Landsleikur í fótbolta** (Kýpur - Ísland) seinni hálfleikur.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Stærsta kínverska veitingahús veraldar** (The Biggest Chinese Restaurant in the World) Dönsk heimildarmynd um stærsta veitingastað heims, í Tsjangsja í Suður-Kína.
**20.55 Krabbinn** (2:10) (The Big C III) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**21.25 Golfið**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin** (4:10) (Broen) Dansk/sænskur myndaflokkur. Lík finnst á Eyrarsundsbrúnni, miðja vegu milli Svíþjóðar og Danmerkur og lögreglufulltrúarnir Martin Rohde og Saga Norén vinna saman að því að finna morðingjann. Aðalhlutverk leika Sofia Helin, Kim Bodnia og Dag Malmberg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Líf vina vorra** (9:10) (Våra vänners liv) (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Make It Happen**
**10.00 Funny People**
**12.25 Azur og Asmar**
**14.00 Make It Happen**
**16.00 Funny People**
**18.25 Azur og Asmar**
**20.05 Loverboy**
**22.00 Fargo**
**00.00 88 Minutes**
**02.00 The Contract**
**04.00 Fargo**
**06.00 Tron: Legacy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (10:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (142:175)
**10.15 The Wonder Years** (17:24)
**10.40 How I Met Your Mother** (6:24)
**11.05 Suits** (1:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So you think You Can Dance** (15:23) (16:23)
**15.10 Sjáðu**
**15.35 iCarly** (14:45)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (18:22)
**19.45 Modern Family** (19:24)
**20.05 The Big Bang Theory** (20:24)
**20.30 Mike & Molly** (5:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (23:24)
**21.15 Bones** (10:13)
**22.00 Veep** (3:8)
**22.30 Weeds** (8:13)
**23.00 The Daily Show: Global Edition** (29:41)
**23.25 2 Broke Girls** (18:24)
**23.50 Up All Night** (6:24)
**00.15 Drop Dead Diva** (1:13)
**01.00 True Blood** (7:12)
**01.55 The Listener** (6:13)
**02.35 Preacher's Kid**
**04.20 The Big Bang Theory** (20:24)
**04.45 Mike & Molly** (5:23)
**05.05 How I Met Your Mother** (23:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**16.35 Pepsi-deild kvk: Fylkir - Þór/KA**
**18.25 Meistarad. Evrópu: Fréttaþáttur**
**18.55 Undankeppni HM: England - Úkraína** BEINT frá Wembley.
**21.00 Icelandic Fitness and Health Expó**
**21.35 Spænski boltinn: Barcelona - Valencia**
**23.20 Eimskipsmótaröðin 2012**
**23.55 Undankeppni HM: England - Úkraína**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League Review Show 2012/13**
**18.55 PL Classic Matches: Tottenham - Liverpool, 1993**
**19.25 Premier League World 2012/13**
**19.55 Man. City - Southampton**
**21.45 Chelsea - Reading**
**23.35 Football League Show 2012/13**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar** F
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (19:25)
**17.55 Tricky TV** (19:23)

## Popp TíVí

**17:05 Simpson-fjölskyldan**
**17:30 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**17:55 Glee** (19:22)
**18:35 The Middle** (1:24) Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**19:00 Friends** (12:24)
**19:25 Simpson-fjölskyldan**
**19:50 Fly Girls** (4:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin-flugfélaginu.
**20:10 The Secret Circle** (4:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington.
**20:50 The Vampire Diaries** (4:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21:35 The Middle** (1:24)
**22:00 Fly Girls** (4:8)
**22:25 The Secret Circle** (4:22)
**23:05 The Vampire Diaries** (4:22)
**23:50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (23:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (5:10)
**20.30 Steindinn okkar** (7:8)
**20.55 Spaugstofan**
**21.15 Hollráð Hugos** (1:2)
**21.45 Ellen**
**22.30 Spurningabomban** (5:10)
**23.15 Steindinn okkar** (7:8)
**23.35 Doctors** (23:175)
**00.10 Spaugstofan**
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**08:00 Rachael Ray** (e)
**08:45 Pepsi MAX tónlist**
**16:40 Last Chance to Live** (2:6) (e)
**17:30 Rachael Ray**
**18:15 Rules of Engagement** (8:15) (e)
**18:40 30 Rock** (3:22) (e)
**19:05 America's Funniest Home Videos** (5:48) (e)
**19:30 Everybody Loves Raymond** (1:25)
**19:55 Will & Grace** (13:24)
**20:20 America's Next Top Model** (3:13)
**21:10 GCB** (2:10) Móðir Amöndu er furðufugl og reynir nú að hafa óæskileg áhrif á dótturdóttur sína sem er á viðkvæmum aldri.
**22:00 Unforgettable** (21:22)
**22:45 Jimmy Kimmel**
**23:30 Óupplýst** (2:7) (e)
**00:00 Crash & Burn** (7:13) (e)
**00:45 Unforgettable** (21:22) (e)
**01:35 Everybody Loves Raymond** (1:25) (e)
**02:00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** BMW Championship 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** BMW Championship 2012 (2:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (33:45) **19.45** Opna breska meistaramótið 2012 (4:4) **01.00** ESPN America

## N4

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## ÍNN

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





Fögnum 25 ára
stórafmæli!
**25%** afsláttur af öllum vörum
augað
Kringlunni 2. hæð | 103 Reykjavík | S: 568 9111


TRYLLINGSLEG
ENDALOK
HUNGURLEIKANNA!
HERMISKAÐI
þriðja og síðasta bókin í
Hungurleikaþríleiknum
KYNNINGAR-
VERÐ
2.299
„... Þetta er dúndur stöff ...
Kjósi forráðamenn að halda bókum að
ungum lesendum er tækifærið núna."
PBB / FRÉTTATÍMINN
„Sagan á erindi bæði til krakka
undir fermingu og þeirra sem
eldri eru..."
PBB / FRÉTTATÍMINN
ELDAR KVIKNA
SUZANNE COLLINS
HERMISKAÐI
SUZANNE COLLINS
HUNGURLEIKARNIR
SUZANNE COLLINS
METSÖLUBÆKUR
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir til 19. september.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**BÓKIN**



*„Þessa dagana er ég að lesa bókina Margt býr í þokunni eftir Guðmund Gíslason Hagalín. Merkileg saga Kristínar Helgadóttur frá Skarðshömrum en ég hef einmitt tengsl við það svæði.“*

Karen Jóhannsdóttir, lögfræðinemi og fimleikaþjálfari hjá Fjölni.

# Rokkjötnar verða líklega endurteknir

„Það kemur allt til greina en það hefur ekkert verið ákveðið,“ segir Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld, spurður hvort Rokkjötnar verði endurteknir á næsta ári.

Rokkhátíðin var haldin í Kaplakrika í fyrsta sinn á laugardaginn með átta íslenskum hljómsveitum og heppnaðist hún með eindæmum vel. Á bilinu 1.500 til 2.000 manns sóttu hátíðina og magnaðist stemningin upp eftir því sem leið á kvöldið. „Þetta var alveg geðveikt, þetta gekk fullkomlega upp,“ segir Snæbjörn, sem átti stóran þátt í skipulagningunni. „Takmarkið var að sýna fram á að það væri hægt að halda risastóra rokktónleika án þess að fá erlend bönd og það tókst. Við vildum grafa þungarokkið úr torfkofunum og slá á þessa minnimáttarkennd.“

Hann telur líklegt að hátíðin verði haldin að ári. „Það eru allir farnir að tala um Rokkjötna 2013 en við erum enn þá að sofa úr okkur þynnkuna. Auðvitað finnst manni það trúlegt eins og staðan er núna en við erum ekki búnir að búa til Facebook-viðburðinn.“

Spurður út í möguleikann á að fá erlenda hljómsveit á næstu hátíð segist Snæbjörn ekki vilja útiloka neitt. „Við sjáum til hvað okkur dettur í hug næst.“

- fb



MOMENTUM Átta þungarokkshljómsveitir stigu á svið á Rokkjötnum á laugardaginn, þar á meðal Momentum. MYND/ÞÓRODDUR BJARNASON


FINLUX
32" LCD SJÓNVARP



**Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.**

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

**Góð myndgæði**
Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

**CI kortarauf**
Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smellt í tækið.

DVB T
USB
HDMI

**Finlux 32FLX905U**

**69.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


PHILIPPE VILLON: HANGIKJÖTIÐ Í UPPÁHALDI EN HÁKARLINN EKKI

# Yfirkokkur sádiarabíska kóngsins hrifinn af Íslandi

„Ég má ekki taka hrátt kjöt með mér til baka, svo ég get ekki gefið kónginum margt að smakka. Ég fer þó heim með nokkrar uppskriftir sem ég mun eflaust reyna að nota,“ segir Philippe Villon, yfirkokkur konungsins í Sádi-Arabíu.

Philippe kom hingað til lands í síðustu viku og yfirgaf landið í gær. Philippe er franskur en býr nú í konungshöllinni í Sádi-Arabíu þar sem hann stýrir 33 manna eldhúsi sem annast alla eldamennsku fyrir konunginn. „Til að byrja með fylgdust eftirlitsmenn með öllu sem ég gerði og smökkuðu allt áður en það var borið fyrir konunginn. Núna er hann þó farinn að treysta mér og það sem ég reiði fram fer beint á borðið,“ segir hann. Hallarsamfélagið þarlendis er á við lítinn bæ því í höllinni búa um 2.500 manns. Eldhúsið í höllinni er tvískipt og á meðan Philippe og hans menn einbeita sér alfarið að konunginum starfa um 150 kokkar í öðru eldhúsi og elda fyrir prinsessuna og hina íbúana í höllinni. „Vinnan mín er mjög góð. Ég er búinn að starfa þarna í níu ár og er farinn að skilja menninguna og mér líður mjög vel,“ segir hann.

Philippe segir Ísland vera algjöra andstæðu við Sádi-Arabíu en hann ferðaðist mikið um landið á meðan á dvöl hans hér stóð. „Í mínu starfi er ég sífellt að læra eitthvað nýtt. Ég er búinn að smakka margt spennandi hérlendis og tek bragðið með mér í eldhúsið heima,“ segir hann. Íslenska hangikjötið er í sérstöku uppáhaldi hjá Philippe og eins fiskisúpa sem hann fékk á Geitafelli á Vatnsnesi þegar hann fór þangað í skoðunarferð. „Það var smá karrí í henni sem gerði hana alveg frábæra,“ segir hann.



**HÁKARL, NEI TAKK** Philippe segist vera búinn að prófa hákarl svo nú geti hann sagt nei takk verði honum boðinn hann aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## STAÐREYNDIR UM SÁDI-ARABÍU

- Abdullah bin Abdul Aziz al-Saud er konungur og einvaldur í landinu.
- Landið nær yfir um það bil 80 prósent Arabíuskagans og með strönd að Persaflóa í austri og Rauðahafi í vestri.
- Landamæri Sádi-Arabíu liggja að Írak, Jórdaníu, Kúveit, Óman, Katar, Barein, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Jemen.
- Langflestir íbúanna eru múslímar og í landinu er að finna tvo helgustu staði íslam, moskurnar í Mekka og Medína.
- Landið er eitt hið auðugasta í heimi og olíuútflutningur er um 75% af heildartekjum landsins.
- Um fjórðungur olíu heimsins kemur frá Sádi-Arabíu sem er stærsti útflytjandi olíu í heiminum.
- Bensínlítrinn kostar sex krónur þar í landi.

Hann segir íslenska lambakjötið vera framúrskarandi gott og einnig er hann hrifinn af skyrinu. „Ég fékk skyrtertu um daginn og borðaði örugglega helminginn af henni aleinn,“ segir hann og hlær. Síðasta kvöldið hans hérlendis fékk hann sér hvalkjöt á Þremur frökkum og var mjög hrifinn af því. Hákarlinn er þó ekki í miklu uppáhaldi. „Nú er ég búinn að prófa hann og veit hvernig hann smakkast svo ég get sagt nei takk ef mér verður boðinn hann aftur,“ bætir hann við hlæjandi.

tinnaros@frettabladid.is

# Lögin byrjuð að tínast inn

„Við byrjuðum að taka á móti lögum fyrir undankeppni Eurovision síðastliðinn föstudag. Það er þegar farið að tínast inn og þar á meðal er komið eitt lag frá útlöndum. Lögin þurfa samt að vera frá Íslendingum komin að tveimur þriðju hlutum svo það þarf að athuga hvort það lag sé gjaldgengt í keppnina,“ segir Hera Ólafsdóttir hjá Ríkisútvarpinu.

Áhugasamir hafa frest til mánudagsins 8. október vilji þeir senda lag sitt til keppni og að sögn Heru eru margir búnir að hringja inn og spyrjast fyrir. „Það geta allir tekið þátt og engin þörf á að vera með lagið fullmixað eða tekið upp í hljóðveri, þó það sé auðvitað ekkert verra. Það má þess vegna taka þetta upp heima í stofu, bara svo framarlega sem laglínan og textinn heyrist vel,“ segir hún. Það má búast við að listi laga sem taka þátt í undanúrslitunum verði tilbúinn í lok október.



**FULLTRÚARNIR 2012** Greta Salóme og félagar kepptu í Eurovision 2012 fyrir Íslands hönd. Leitin að næstu fulltrúum er nú hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fyrsta undanúrslitakvöldið verður haldið 12. janúar og úrslitaþátturinn þann 9. febrúar. Aðalkeppnin fer svo fram í Malmö í Svíþjóð 18. maí, en undanúrslitakvöldin verða 14. og 16. þess mánaðar.

- trs

**249** dagar í aðalkeppni Eurovision

Domino's Pizza®

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á dominos.is/app




FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ný lög á næsta ári



Sigur Rós hefur bókað sig á fimmtán tónleika í Evrópu í febrúar og mars á næsta ári. Portúgal, Þýskaland og Bretland verða á meðal viðkomustaða. Allir hljóðfæraleikararnir sem aðstoðuðu hljómsveitina í sumar þegar hún spilaði á hinum ýmsu tónlistarhátíðum verða með í för. Þrátt fyrir sama fólkið verða tónleikarnir með öðru sniði en áður og ætla **Jónsi** og félagar að spila glæný lög sem voru samin eftir að platan Valtari kom út í maí síðastliðnum.

### Keypti íslensk málverk



Íslandsvinurinn og Harry Potter-stjarnan **Emma Watson** var hér á landi fyrir skömmu við tökur á mynd Darren Aronofsky, Noah, ásamt Russel Crowe, sem tryllti lýðinn á menningarnótt í Reykjavík með því að flytja tónlist í Hjartagarðinum. Á meðan Crowe söng flott lög keypti hún Emma okkar flotta list. Og það íslenska list. Frá því var greint í gær að Emma hefði keypt málverk eftir Pétur Gaut á um 300 þúsund krónur. Hún hefði keypt sér íbúð í New York og þyrfti að innrétta hana. Potter-stjarnan hefði því keypt nokkur íslensk málverk í galleríum höfuðborgarinnar á menningarnótt og látið senda vestur um haf. -fb, bph

## Mest lesið vísir

1. Bráðnun Norðurpólsíssins ávísun á afbrigðilegt og verra veðurfar
2. Kona fyrrum Þýskalandsforseta segist ekki hafa verið vændiskona
3. Hitabeltisstormurinn Leslie nær til Íslands sem lægð
4. Víkurskarð ófært fólksbílum vegna óveðurs
5. Talíbanar ætla að fella Harry Bretaprins


*TÍMI TIL AÐ TÍNA!*




*www.forlagid.is*






**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi
Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.**



**Óðinn og Ýmir**
**Nýjar hágæða heilsudýnur á kynningarverði í september**










Svefn & heilsa ★★★★★




*3,5% lántökugjald

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is